

# LÖGREGLUMADURINN



- ▶ **Fæðingarorlof**
- ▶ **Las Vegas**
- ▶ **Íþróttir og heilsa lögreglumanna**



2/2004

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi:

## REYKJAVÍK

Aðföng Skútuvoגי 7

Allrahanda hóperðabílar ehf., Funahöfða 17

Altex ehf (Margaretha), Kringlunni 7

Alþýðusamband Íslands, Sættúni 1

AM PRAXIS sf, Sigtúni 42 box 5189

Ari í Ögri, Ingólfsstræti 3

Auto-Reykjavík, Knarrarvoגי 2

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Stuðlahálsi 2

Árgerði hf., Bíldshöfða 16

B.M. Vallá hf., Bíldshöfða 7

Beyki ehf., Tangarhöfða 11

Bíreiðabyggingar sf., Ármúla 34

Bíreiðastjóratalagið Frami, Fells múla 24-26

Bílaberg sf, Tangarhöfða 6

Bílahöllin - Bílaryðvörn hf., Bíldshöfða 5

Bílaeigan AKA ehf., Vagnhöfða 25

Bílasmiðurinn hf., Bíldshöfða 16

Bílaverkstæði Friðriks Steingrímssonar ehf., Smíðshöfða 13

Bílfang ehf, Malarhöfða 2

Bílvirkinn, Súðarvoגי 46

Björgun ehf., Sævarhöfða 33

Björnsbakari sf., Klapparstíg 3 v/Skúlagötu

Borgarnesti ehf, Grjóthálsi 8

Davíð S. Jónsson & Co. ehf., Skútuvoגי 13a

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Arnarhovll

Dreifing ehf., Vatnagörðum 8

Dynjandi ehf., Skeifunni 3h

E.T. Einar og Tryggvi ehf., Klettagörðum 11

Eflling stéttarfélag, Sættúni 1

Efnalaugin Glitra hf., Rauðarárstíg 33

Efnalaugin Úðafofs sf., Vitastíg 13

Fasteignafélagið Stoðir hf., Kringlunni 8-12

Feró sf., Steinaselí 6

Ferskar kjötvörur hf., Síðumúla 34

Félagsbústaðir hf., Hallveigastíg 1

Fiskafurðir útgerð hf., Aðalstræti 6

Fiskistofa, Ingólfsstræti 1

Flugleiðahótel hf., Reykjavíkflugvelli

Fraklausnir ehf., Skútuvoגי 12e

Framsóknarflokkurinn, Hverfisgötu 33

Frjý hf., Stórhöfða 35

Fónix ehf, Hátúni 6a

G.G. Gunnar Guðmundsson hf., Dugguvoגי 2

Gagnaeyðing ehf., Skútuvoגי 13

Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14

Gjögur hf., Tómasarhaga 46

Góðar - lausnir hf., Síðumúla 35

Grandi hf., Norðurgarði 1

Grant Thornton endurskoðun, Suðurlandsbraut 20

Grillhúsið Tryggvagötu, Tryggvagötu 20

Guðmundur Jónasson ehf., Borgartúni 34

Gullnámán, Tjarnargötu 4

Gústaf Þór Tryggvason hrl., Tjarnargötu 10d Box 1067

Hafrót ehf, Ármúla 5

Heilsa hf., Suðurlandsbraut 1

Hersir, ráðgjöf og þjónusta, Suðurlandsbraut 12

Hilmar Ingimundarsson hrl, Austurstræti 10a box 19

Hítastýring hf., Þverholti 15a

Hjá Jóa Fel., Kleppsvegi 150

Hjólbarðaverksæði Sigurjóns, Hátúni 2a

Hótel Vík, Vogalandi 2

Hrafnista D.A.S., Laugarási

Hugver ehf., Vitastíg 12

Húsgagnaverslunin Heimilisprýði við Hallarmúla, Hallarmúla

Innheimtustofan Höfðabakka 9, Höfðabakka 9 - 6.hæð

Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lág múla 9, 2.hæð

Inter ehf, Sóltúni 20

Internet á Íslandi hf. - ISNIC, Dunhaga 5

Ísbúðin Álíheimum, Grandavegi 45

Ísbúðin Fákafeni 9, Fákafeni 9

Ísdekk ehf., Tunguhálsi 8

Íslenska umboðssalan hf., Krókhálsi 5 F

Íslux ehf., Fornhaga 22 box 5141

Jón Egilsson lögmannsstofa, Knarrarvoגי 4

Jöfnuður ehf, Skólalúru 7, box 766

Kemis ehf., Breiðhöfða 15, box 9351

Knattspyrnusamband Íslands, Laugardal

Lagaping sf, Tungötu 14

Landssamband íslenskra verzlunarmanna, Kringlunni 7

Landssamtök hjartasjúklinga, Síðumúla 6

Langholtskjör, Langholtsvegi 176

Laugarásvídeó ehf., Dalbraut 1-3

Leikskólar Reykjavíkur, Hafnarhúsinu Tryggvag. 17

Listasafnið Hótel Holt ehf., Bergstaðastræti 37

Lögfræðiskrifstofa Atla Gíslasonar, Ingólfsstræti 5

Lögmál ehf., Skólavörðustíg 12

Lögmenn Árbæ, Nethyl 2

Lögmenn Höfðabakka 9, Höfðabakka 9

Lögmenn Laugardal ehf., Suðurlandsbraut 4a

Lögmenn Mörkinni ehf., Mörkinni 1

Lögreglustjórinn í Reykjavík, Hverfisgötu 113

Lögskil ehf., Suðurlandsbraut 48

Lögvit ehf, Stórhöfða 23

Markaðsnefnd Mjólkuríðnaðarins, Bitruhálsi 2

Meistaræfni ehf, Gufunesvegi box 12018

Miklartorg hf., Holtagarðar

Mjólurfélag Reykjavíkur, Korngörðum 5

Múr- og málningarþjónustan Höfn ehf., Réttarhálsi 2

Myndhraði, Hraunbæ 102

Nesradió ehf., Síðumúla 19

Neyðaropnanir ehf, Njálsgötu 4b

Nitró ehf, Járnhálsi 2

Norðmann ehf., Búagrund 3

Nýi ökusólínn ehf., Klettagörðum 11

Næsti bar, Ingólfsstræti 1a

Offsetjölritun ehf., Brautarholti 3

Oliudreifing ehf., v/Kleppsmyravegi

OSG bílabúð, Bíldshöfða 8

Perlan hf., Öskjuhlíð

Plúsmarkaðurinn Hátúni 10b ehf., Hátúni 10b

Poulsen ehf., Skeifan 2

Raförnninn ehf., Suðurhlíð 35

Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði, Hofsvallagötu 53

Reki hf., Grandagarði 5

Rekstrarfélagið Kringlan, Kringlunni 4 -12

Reykjafell hf., Skipholti 35

Reykjavíkurhöfn, Tryggvagötu 17

Réttingamiðstöðin hf., Eldshöfða 15

Ríkislögreglustjórinn, Skúlagötu 21

Ræsir hf., Skúlagötu 59

S. Ármann Magnússon ehf., Skútuvoגי 12j

Samfylkingin, Austurstræti 14, 5 hæð

Securitas hf., Síðumúla 23

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1

Sesarvídeó, Grensásvegi 14

Simabjónustan ehf., Laugavegi 103

Sjólag्नir ehf., Stórhöfða 27

Sjómannasamband Íslands, Sættúni 1

Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins, Skógarhlíð 14

Smurstöðin Klöpp ehf., Vegmúla 4

Snæland Gímsson ehf., Langholtsvegi 115

Spor ehf., Stórhöfða 33

Sportbarinn ehf., Álíheimum 74

Sportvörugörðin hf., Skipholti 5

STEF - samb. tónskálda og eigenda flutningsréttar, Laufásvegi 40

Stilling hf., Skeifunni 11

Suzuki Bílar hf., Skeifunni 17

Tollstjórinn í Reykjavík, Tryggvagötu 19 box 5029

Tollvarðafélag Íslands, Grettisgötu 89

Trackwell Software hf., Suðurlandsbraut 24

Tryggingamiðlun Íslands ehf., Síðumúla 21

TVG - Zimsen hf., Héðinsgötu 1-3

Umfang hf., Grensásvegi 12

Uppdæling ehf., Fosshálsi 1

Utánríkisráðuneytið, Rauðarárstíg 25

Vagnar og þjónusta hf., Tunguhálsi 10

Vaka hf., Eldshöfða 6

Varahlutaverzlunin Kistufell ehf., Brautarholti 16

Veidifærásalan Dímon ehf., Austurbugt 5

Veidihúsið Sakka ehf., Hólmaslóð 4

Veitingahúsið Hornið, Hafnarstræti 15

Verðbréfastofan hf., Suðurlandsbraut 18

Verkfræðistofan VIK ehf., Laugavegi 164, 2. hæð

Verslunartækni ehf., Draghálsi 4

Vesturröst ehf., Laugavegi 178

Vélar og verkfæri ehf., Skútuvoגי 1c

Vélasalan ehf., Ánanaustum 1

Vélaver hf., Lág múla 7

Vélsmiðjan Járnverk hf., Bíldshöfða 18

Vélstjóratalagið Íslands, Borgartúni 18

Vélvík ehf., Höfðabakka 1

Vitabar, Langagerði 116

Öndvegi hf. Húsgagnaverslun, Síðumúla 20

Öryggisfirtill PD ehf., Krókhálsi 5a

## SELTJARNARNES

Auðunni og Hafsteinn ehf, Sævangörðum 4

Bæjarins beztá ehf, Bollagörðum 11

Nesdekk ehf., Suðurströnd 4

Rauða Ljónið, Eiðistorgi 13-15

Seltjarnarneskaupstaður, Austurströnd 2

## VOGAR

Vatnsleysustrandarhreppur, lóndal 2

## KÓPAVOGUR

Arnardalur sf., Þinghólsbraut 58

Arnarverk ehf, Kórsölum 5

Á. Guðmundsson ehf., Bæjarlind 8-10

Áferð ehf., Blásölum 10

## Formannshornið

Óskar Bjartmarz 4

## Viðtalið

Þórhallur Árnason 5

## Kjarasamningar

Óskar Bjartmarz 6

## Las Vegas 7.-19. ágúst

Eiríkur Benedikt Ragnarsson

og Kjartan Ægir Kristinsson 9

## Sameining lögregluembætta

### eða breytingar á umdæmum

Guðmundur Fylkisson 10

## Lögreglan í fæðingarorlof

Erna Guðmundsdóttir 11

## Reglur um lögmannsaðstoð hjá LL

## Lögfræðiaðstoð vegna líkamstjóna 13

## Kárahnjúkar

Davíð Örn Auðbergsson 15

## Svo lengi lærir sem lifir

Hermann Karlsson 16

## Verkefnamiðuð löggæsla

Erna Sigfúsdóttir 17

## Sumarferð lífeyrisþegadeildar LL

Stefanía Vigfúsdóttir 20

## Ályktanir XVII þings LL

21

## Barnshafandi lögreglukonur

Guðmundur Fylkisson 22

## Barnshafandi lögreglukonur

Tengslanetið – Kríurnar 23

## Þvottaleiðbeiningar

24

## Viðtalið

Sigurður Sigurbjörnsson 25

## Íþrótttaefni

Landsmót í skotfimi 2004 27

Mótalisti 28

Stuttfréttir 29

Landsmót í innanhúsknattspyrnu 29

Franska meistaramótið í golfi 30

Úrtökumót fyrir golflandslið 32

Landsmótið í golfi 34

Íþróttaiðkun og heilsa lögreglumanna

Eyrún Eyþórsdóttir og  
Maríanna Said 36

Dagpeningar, starfaflokkar og  
launatafla 37-38

# LÖGREGLUMÁÐURINN

## RIT UM STÉTTAR- OG STARFSMÁLEFNI LÖGREGLUMANNA

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærnum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi en þó því aðeins að hann hafi verið undirritaður innan sex mánaða frá því að fyrri samningur féll úr gildi, enda sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun.

Séu kjarasamningar lausir lengur en sex mánuði skal upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á virka aftur til helmings þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings. Við hverja tvo mánuði sem bætast við án kjarasamnings færast gildistaka upphafshækkunar aftur um einn mánuð. Eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir umsamin hækkun frá því að samningurinn féll úr gildi. Óheimilt er að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla sem telst jafngild í tekjum þeim afturvirknu upphafshækkunum, eða áfangahækkunum á liðnum tíma án endurnýjunar kjarasamnings, sem lög þessi kveða á um.

Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu.

Svo hljóðar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur með síðari breytingum. Flutningsmaður þessarar lagabreytingatillögu á Alþingi er Guðjón A. Kristjánsson og skv. Textavarpinu fimmtudaginn 7. október 2004 mun þetta vera í fimmta sinn sem Guðjón leggur þessa lagabreytingatillögu fram. Þetta er eitthvað sem við lögreglumenn vildum gjarnan að hafi gilt síðast þegar samið var við okkur. Það er kannski hófleg bjartsýni að halda að ekki verði þörf á svona ákvæði fyrir okkur næst þegar samið verður við okkur. Það er kannski jafn mikil bjartsýni að telja að þetta verði orðið að lögum og komi okkur að gagni eftir 30. apríl 2005 ef ekki verður búið að semja við okkur.

Frumvarpið má sækja á internetinu á slóðinni: <http://www.alt-hingi.is/alttext/131/s/0005.html>

Guðmundur Fylkisson.

Forsíðan. Barnshafandi lögreglukona og lögreglu,,feður". með börnin sín. Ljós. G.Fylkis og lögreglukona.

Umbrot, prentun og bókband:  
Ísafoldarprentsmiðja ehf.

Útgefandi:

Umsjón:

Ábyrgðarmaður:

Ritnefnd:

Netfang:

Landssamband lögreglumanna.

Guðmundur Fylkisson (g.fylkis.fml@rls.is)

Óskar Bjartmarz.

Erna Sigfúsdóttir, Jón Svanberg Hjartarson,

Þórhallur Árnason, Stefánía Vigfúsdóttir,

Guðmundur Fylkisson.

ll@bsrb.is

Óskar Bjartmarz

# Formannshornið

## Erum við á réttri leið

**É**g velti því oft fyrir mér hvort við séum á réttri leið í löggæslumálum hér á landi og í því samhengi hef ég hugleitt málið í mjög víðu samhengi. Stefnu ríkisstjórnarinnar, hlut dómsmálaráðuneytis og ríkislög-reglustjóra, menntunarmál lög-reglumanna og síðast en ekki síst á hvaða leið er Landssamband Lögreglumanna í sínum eigin málum og hvaða stefnu höfum við.

Ef við byrjum á stefnu ríkisstjórnarinnar þá skal fyrst skoða hvað stendur um lögregluna í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og þá kemur eftirfarandi í ljós:

„Að markvisst verði unnið í baráttunni gegn fíkniefnavandanum. Mótuð verði heildstæð forvarnastefna í samvinnu við lögreglu, skólayfirvöld, íþróttafélög og foreldra. Hafnað er hvers kyns eftirgjöf gagnvart fíkniefnum, innflutningi þeirra, dreifingu og notkun. Meðferðarúræðum verði fjölgað og rík áhersla lögð á forvarnir.“ Ekki mikið á þessu að græða.

Það er hlutverk dómsmálaráðherra að framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar en á hans vegum hefur verið unnið að margvíslegri lagasetningu sem beint og óbeint varða lögreglumenn og það lagaumhverfi sem við störfum í. Hér er m.a. um að ræða breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, útlendingalögum og umferðarlögum. Skipulagi sérsveitar var breytt með það að markmiði að auka öryggi borgara og lögreglumanna, sérsveitarmönnum skyldi fjölgað samvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar og þeir yrðu hjá fleiri embættum en áður. Hvernig til hefur tekist er of fljótt að segja til um en tíminn einn mun leiða það í ljós.



Á vegum ráðuneytisins er nú í gangi starfshópur undir forystu Stefáns Eiríkssonar skrifstofustjóra sem hefur tvíþætt verkefni. Að gera tillögur um nýtt skipulag lögreglunnar með það að markmiði að styrkja og efla starfsemi lögreglu og sýslumanna. Einnig á hópurinn að móta löggæsluáætlun til næstu ára. Ekki hefur starfshópurinn skilað af sér þegar þetta er ritað í lok september. Það er alveg ljóst að hér er á ferðinni stórt mál og bráðnauðsynlegt að mínu mati að gera breytingar á skipulagi lögreglunnar í landinu í því skyni að efla hana til að takast á við sífellt erfiðari og meira krefjandi verkefni. Dómsmálaráðuneytið er að mínu mati á réttri leið en lögreglumenn vilja fara að sjá tillögur um breytingar.

Ríkislögrelustjóraembættið í dag er ekki það sama og lagt var af stað með árið 1997. Embættinu hefur meira og meira verið falin fleiri verkefni t.d. í beinni löggæslu s.s. sem fjarskiptamiðstöðinni, umferðardeild og nú síðast með yfirfærslu sérsveitar alfarið til embættisins. Það eru skiptar skoðanir meðal lögreglumanna um þessar og aðrar breytingar á embætti ríkislögrelustjóra, hvar sem þeir starfa innan lögreglunnar. Ég sjálfur er ekki viss um að málefni ríkislögrelustjóraembættisins séu

að þróast í rétta átt þó svo mjög margt sé þar gott og stjórnendur og starfsmenn hafi mikinn metnað fyrir hönd embættisins og lögreglunnar. Fyrirnefndur starfshópur dómsmálaráðuneytisins hlýtur í sinni vinnu einnig að skoða stöðu embættis ríkislögrelustjóra í breyttu skipulagi.

Menntunarmál lögreglumanna hafa tekið miklum breytingum á liðnum árum og þau alltaf að eflast. Búið er að taka upp nám fyrir stjórnendur í lögreglu og fyrsti hópurinn lokið því. Hér er á ferðinni mikið framfaraspor en þó er að mínu mati alveg kristaltært að það eitt að fara í slíkt nám gerir hvern og einn ekki að góðum stjórnanda. Nú liggja fyrir hugmyndir að breyttu og lengdu grunnnámi við lögregluskólann sem eru metnaðarfullar og vonandi að geti komið til framkvæmda árið 2006. Ég kemst í mínum hugleiðingum ávalt að þeirri niðurstöðu að málefni Lögregluskólans séu í góðu lagi og skólinn á réttri leið.

Í hugleiðingum mínum um LL hættir mér kannski til að verða hlutdrægur en ég kemst yfirleitt að því að sambandið sé á réttri leið þó hægt fari og í ýmsum málum höfum við ákveðna stefnu. Við höfum skýra stefnu í launamálum, við viljum auka vægi dagvinnulauna í heildarlaunum og þar náðum við góðum áfanga í síðustu samningum, áfram þarf að halda á þeirri braut. Lækkun eftirlaunaldurs lögreglumanna er og verður okkar baráttumál og áfram verður haldið á þeirri braut. Við styðjum hverja þá eflingu menntunar lögreglumanna sem hugmyndir koma fram um og breytingar á skipulagi lögreglu sem stuðlar að því að efla lögregluna til að takast á við verkefni sín.



Við höfum komist að niðurstöðu um uppbyggingu LL og það gefur okkur tækifæri til að sækja fram sameinaðir. Það þarf að efla LL m.a. á þann hátt að auka áhuga og þátttöku hins almenna félagsmanns í hvers konar starfi og leik innan LL.

Þetta sem ég hef nefnt hér að framan er ekki nein allsherjar úttekt á stöðu mála heldur aðeins hluti af mínum hugleiðingum um málefni sem snerta lögreglumenn á ýmsan hátt. Ég leyfi mér þó í sumum tilfellum að leggja mitt mat á málin en það mat snýst um málefni ekki menn. Við viljum stundum í umræðunni rugla saman málefnum og mönnum. Niðurstaða mín er því sú, eftir þessarar hugleiðingar, að í löggæslumálum séum við í flestu á réttri leið þó yfirleitt megi gera betur.

Að lokum má geta þess að á næstunni verður farið í funduferð á vegum LL til undirbúnings fyrir komandi kjarasamninga og vil ég hvetja lögreglumenn til að mæta á fundina og koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Skrifað í týpísku haustveðri, roki og rigningu,

*Kveðja,  
Óskar Bjartmarz*

## Lögreglumenn athugið!

Að Felli í  
Biskupstungum  
er til leigu gott  
geymslurými  
fyrir hjólhýsi og  
tjaldvagna.



Allar upplýsingar  
gefur Elín í síma

**821-6120**

## Viðtal

### Nafn: Þórhallur Árnason

#### Staða: Varðstjóri

#### Lögregluembætti: Eskifjörður

#### Lögreglumaður síðan 1988

**D**agur í vinnunni: Oft mikið að gera eins og hjá mörgum öðrum lögreglumanninum. Mætt á vakt kl.09.00-17:00., vaktin hófst með fundi hjá Jónasi Wilhelmsyni yfirlögregluþjóni. Unnið í leyfisveitingum vegna flutninga enda mikið um að vera vegna álversframkvæmda í Reyðarfirði, fundað með tveimur starfsmönnum Ísl. aðalverktaka ásamt yfirlögregluþjóni. Farið og kannað með stórt æki við álverslóð. Farið í eftirlit á varðsvæðinu. Unnið í skotvopnaskrá, dagbók og í skýrslugerð. Tilkynnt um vinnuslys um borð í skipi, unnið að rannsókn málsins. Unnið í birtinum á sektargerðum og málefnum útlendinga en mikið er af þeim um þessar mundir hjá verktökum á svæðinu. Fundað með deildarstjóra tollgæslunnar á Eskifirði en lögreglan aðstoðar viðkomandi þegar svo ber undir og sér um tollafgreiðslur í fjarveru hans. Þess utan erill á varðstofu, umsóknum og fleiru.

**Framtíðarsýnin:** Bjartsýnin verður að vera til staðar hjá okkur lögreglumönnum þrátt fyrir erfið mál oft á tíðum. Hér fyrir



austan horfa menn björtum augum til framtíðar enda gifurleg uppbygging á svæðinu.

#### Hlynntur eða andvígur sameiningu lögregluembætta á þínu svæði:

Já er hlynntur sameiningu enda aukin samvinna bara af hinu góða.

**Kjarasamningarnir:** Þar er af mörgu af taka en, grunnkaupshækkanir og menntunarmál lögreglumanna eru mér efst í huga.

**Einkennisbúningurinn:** Hefur mikið lagast og þá sér í lagi vetrarfatnaður lögreglumanna. Er ekki um að gera að halda áfram að gera gott betra ef að hægt er.



Þórhallur og félagi hans voru í þessari lögreglubifreið þegar óður maður réðst á þá með gaffallyftara á síðasta áratug.

Óskar Bjartmarz

# Kjarasamningar

**K**jarasamningur lögreglumanna rennur út 30. apríl á næsta ári. Kjarasamningar flestra annarra opinberra starfsmanna renna út 30. nóvember n.k. Fyrstu félögin eru, nú þegar þetta er ritað í september, að birta kröfugerðir sínar. Félögin innan BSRB hafa gert viðræðuáætlun við samninganefnd ríkisins sem kvað á um að viðræður hæfust 01. september s.l. um sameiginlegt mál-efni s.s. réttindamál og fl. LL á ekki aðild að þessari viðræðuáætlun vegna lengri gildistíma okkar kjarasamnings

Af hálfu LL er vinna við undirbúning að næstu kjarasamningum hafin. Stjórn LL hefur samþykkt áætlun sem er í fjórum liðum.

Í október fer samninganefnd LL á námskeið í samningatækni en í samninganefndinni eru stjórn og varastjórn LL, samkvæmt lögum okkar. Á þessu námskeiði verða fjórir megin þættir, Markmiðasetning í kjarasamningum, Ábyrgð og verkaskipting, Samningaviðræður og Lífið í karphúsinu. Það er Félagsmálaskóli alþýðu sem skipuleggur námskeiðið.

Að því búnu verða haldnir fundir í öllum deildum LL sem á að vera lokið í nóvember. Markmiðið með fundunum verður að fara yfir stöðu mála og fá fram þau atriði sem hinn almenni félagsmaður telur nauðsynlegt að huga að í kröfugerð.

Þegar þessum fundum verður lokið tekur samninganefndin til við vinnu sína við kröfugerðina og gerir drög að henni. Þau drög verða síðan lögð fyrir fund sem halda á í byrjun febrúar, en á þann fund verða boðaðir ásamt samninganefndinni, formenn deilda og fleiri sem ástæða þykir til að boða til slíks fundar. Á þessum fundi verður farið yfir drögin og samninganefndinni lagðar línurnar

varðandi endanlega kröfugerð.

Fyrir 18. febrúar eigum við að vera búnir að gera viðræðuáætlun við samninganefnd ríkisins sem miða skal að því að nýr kjarasamningur taki við af þeim sem nú er í gildi. Ef ekki verður búið að gera slíka viðræðuáætlun á þeim tíma ber ríkissáttasemjara að gefa út viðræðuáætlun fyrir samningsaðila. Hvað sem öðru líður þarf kröfugerðin að vera tilbúin um miðjan febrúar.

Þrátt fyrir að enn sé nokkuð langt í að okkar kjarasamningur renni út eru margir lögreglumenn farnir að leiða hugann að atriðum sem þeim finnst að ættu að vera í kröfugerðinni.

Ég ætla að leyfa mér að nefna nokkur atriði hér á eftir sem innlegg í umræðuna um væntanlega kröfugerð, þetta eru bæði atriði sem frá mér sjálfum koma og einnig frá hinum almenna félagsmanni sem hefur haft samband eða komið því á framfæri með öðrum hætti.

Það þarf að halda áfram á þeirri braut, sem mörkuð var með afgerandi hætti í síðustu kjarasamningum, að auka hlut dagvinnulauna og jafnframt koma á frekari ákvæðum um heildarlaunasamninga þar sem þeir eiga við. Hér þarf einnig að huga að þeirri miklu fjárhagslegu breytingu sem á sér stað þegar lögreglumenn fara úr vaktavinnu í dagvinnu. Vegna þeirrar góðu hækkunar á vaktalági sem náðist fram í síðustu kjarasamningum verður fjárhagslega breytingin mjög mikil við að fara úr vaktavinnu í dagvinnu. Þessa stöðu þurfum við að hugsa um og huga að því hvað er til ráða.

Annað stórt atriði, sem við þurfum að huga að, þar sem fyrsta áfanga var náð í núverandi samningi en það er lækun eftirlaunaaldurs. Það voru nær allir þeir sem rétt áttu á sem nýttu sér það að

hætta á tímabilinu í samræmi við lækun eftirlaunaaldurs niður í 65 ár. Það er algjörlega ljóst af hálfu LL að þarna var aðeins um fyrsta áfanga að ræða og áfram skal haldið í þeirri viðleitni að lækka eftirlaunaaldurinn.

Jafna þarf aðstöðu lögreglumanna af landsbyggðinni til að sækja frekara nám við Lögregluskólann en þar hallar á þá af ýmsum ástæðum s.s. vegna fjárskorts viðkomandi embætta. Í síðustu kjarasamningum sömdu sum félögum að fá framlög frá ríkinu í sjóð sem kallast „Vísindasjóður“, hér var á ferðinni nýr sjóður hjá þessum félögum til viðbótar við starfsmenntunarsjóð sem félögin höfðu. Við höfum starfsmenntunarsjóð en honum er ekki ætlað að veita styrki til náms við Lögregluskólann. Það var algjörlega meðvituð ákvörðun sem tekin var á sínum tíma þegar LL tók starfsmenntunarsjóðinn til sín. Eigum við að gera kröfu um „Vísindasjóð“ sem hefði m.a. það hlutverk að greiða þann kostnað sem til fellur vegna náms lögreglumanna við Lögregluskólann að undanskildu grunnnáminu. Það mætti einnig hugsa sér að fé kæmi í sjóðinn frá dómsmálaráðuneytinu sem í staðinn þyrfti ekki að huga að fjárframlögum til embættanna til slíkra hluta.

Valfrjáls vinnutími er nokkuð sem lögreglumenn heyra meira og meira nefnt. Nú þegar eru hafnar viðræður hjá 2 embættum um möguleika á því að taka upp slíkt skipulag á vinnutíma. Hjá öllum embættum á landinu er verið að taka upp nýjan hugbúnað til að halda utan um hverskonar skráningu s.s. vinnutíma og fl. Hugbúnaður þessi er nefndur Mannauðskerfi og hann auðveldar allt utan um hald um valfrjáls vinnutíma. Það þarf hugsanlega að koma einhverjum ákvæðum um val-

frjálsan vinnutíma inn í kjarasamninginn.

Að lokum vil ég nefna nokkur ákvæði sem huga þarf að, af þeirri einföldu ástæðu að allt of oft kemur upp ágreiningur um túlkun á þeim í hinu daglega starfi. Hvíldartími/-frítökuréttur, staðgengils-mál, orlofsmál, aðbúnaður og hollustuhættir, fatamál, staða ófrískra lögreglukvenna og fl. og fl. Það þarf að huga að framtíð Stofnana-samningsins, reglum um launa-laust leyfi og í upphafi alls þarf að skoða hvort lögreglumenn hafi haldið kjaralegrri stöðu sinni til jafns við aðra opinbera starfsmenn sem falla undir lög nr. 94(1986).

Ég gæti nefnt margt fleira en læt hér staðar numið en vill að lokum hvetja lögreglumenn til að taka markvist þátt í umræðunni um kröfugerð okkar og kjaramál með málefnalegum hætti. Samtaka erum við sterkir.

*Óskar Bjartmarz formaður*

# Skotvopnaskápar

## Mest keyptu byssuskápar á Íslandi

Byssuskáparnir frá Infac eru úr 3mm stáli og með öflugum læsibúnaði. Skáparnir eru til fyrir 5, 7 og 14 byssur.

Verðið er hvergi betra enda eru þessir skápar þeir vinsælustu á landinu.



**VEIÐIHORNID**

**Hafnarstræti 5**

**- sími 551 6760**

**Síðumúli 8**

**- sími 568 8410**

**www.veidihornid.is**

## Fyrsti útskriftarhópur í Stjórnun 1 frá Lögregluskóla ríkisins. Myndin birtist ekki í heild sinn á forsíðu Lögreglumannsins 1-2004.



*Geir Jón Þórisson, Pröstur Brynjólfsson, Guðbrandur Sigurðsson, Pröstur Eyvinds, Öndundur Jónsson, Anna Birna Þrúinsdóttir, Ingimundur Einarsson Ólafur Ásgeirsson, Lúðvík Eiðsson, Smári Sigurðsson, Guðmundur Fylkisson, Egill Bjarnason, Jónmundur Kjartansson, Benedikt H. Benediktsson, Arnar R. Marteinnsson, Birgir Sigmundsson. Sigurgeir Ó. Sigmundsson, Jónas Sigurðsson, Ásgeir Þór Ásgeirsson, Óskar Þór Sigurðsson, Björn Mikaelsson, Sigurður Brynjólfsson, Valur Magnússon, Gunnar Schram, Kristján Þorbjörnsson, Ástríður Grímsdóttir, Ólafur K. Ólafsson, Sigríður B. Guðjónsdóttir, Gunnlaugur K. Jónsson, Friðrik S. Björgvinsson, Jóhannes Jensson, Þorgrímur Ó. Sigurðsson, Arnar Jensson Erna Sigfúsdóttir, Theodór Þórðarson, Daniel Snorrason, Bjarnþór Aðalsteinsson, Ómar Smái Ármannsson, Högni Einarsson, Baldvin Einarsson.*



# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi:

ÁF-hús ehf., Hæðarsmára 6  
Álform hf., Þinghólsbraut 44  
Átak ehf. - bílaleiga, Smiðjuvegi 1  
Baader Ísland ehf., Hafnarbraut 25  
Baltik ehf., Smiðjuvegi 14  
Barkasuða Guðmundar ehf., Vesturvör 27  
Bífreiðastillingin ehf., Smiðjuvegi 40d rauð gata  
Bífreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf., Smiðjuvegi 22 - græn gata  
Bífreiðaverkstæði Lada-þjónustan, Auðbrekku 4  
Bífreiðaverkstæði Toppur, Skemmuvegi 34  
Bílabræður, Skemmuvegi 26  
Bílaverkstæði Bubba sf., Skemmuvegi 18blá  
Bíljöfur bífreiðaverkstæði ehf., Smiðjuvegi 68-70  
Bístál ehf., Askalind 3  
Bílvogur ehf., Auðbrekku 17  
Björn Traustason ehf., Smiðjuvegi 12  
Blikkás - Funi ehf., Skemmuvegi 36 blei  
Blikksmiðja Einars ehf., Smiðjuvegi 4b græn gata  
Borgarvirki ehf., Hjallabrekku 22  
Dúkprýði sf., Helgubraut 27  
Hagblíkk ehf., Smiðjuvegi 4c box 281  
Húsaklæðning ehf., Skemmuvegi 44  
Íslandsspil sf., Smiðjuvegi 11a  
J.og S. bílaleiga, Lækjasmára 6  
J.S. Veitingar ehf., Nýbýlavegi 10  
Jarðkraftur ehf., Akralind 2  
Jarðvélar ehf., Bakkabraut 14  
KB ráðgjöf, Hlíðasmára 17  
Klettur, verktakar, Hlíðarvegi 55  
Kópavogsbær, Fannborg 2  
Krókur, Skeljabrekku 4  
Lyra sf., Hlíðarsmára 11  
Lögmannsstofa Loga Egilssonar ehf., Hlíðasmára 8  
Panelofnar ehf., Smiðjuvegi 1  
Partasalan, Skemmuvegi 32 bleik gata  
Pétur Jónsson ehf., Dalvegi 26  
Player's Sportcafé, Bæjarlind 4  
Raímiðlun ehf., Auðbrekku 2  
Rafport ehf., Nýbýlavegi 14  
Reykofninn hf., Skemmuvegi 14 blei  
Réttingaverkstæði Jóa ehf., Dalvegi 16a  
Réttir bílar ehf., Kársnesbraut 98  
Ryðvörn og bón ehf., Smiðjuvegi 68  
Ræstingþjónustan sf., Smiðjuvegi 16

Sendibílastöð Kópavogs hf., Skemmuvegi 50 brún  
Sérverk ehf., Akralind 6  
Smári söluturn, Dalvegi 16c  
Smurstöðin Stórahjalla ehf., Stórahjalla 2  
Stímpill, Akralind 9  
Stíflþjónustan ehf., Kársnesbraut 57  
Sýslumaðurinn í Kópavogi, Dalvegi 18  
Sæport ehf., Dalvegi 16d  
Toyota - P. Samúelsson hf., Nýbýlavegi 8  
Tölvumyndir hf., Holtasmára 1  
Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar ehf., Hamraborg 11  
Vélaleiga Auberts, Hlíðarhjalli 7  
www.mannval.is, Pósthólf 484  
Þvegillinn, Fífuþjalla 3  
Þryllþjónustan ehf., Hlíðarvegi 3

## GARÐABÆR

Ásgeir Einarsson ehf., Garðafliót 37  
Garðablóm, Garðatorgi 3  
Garðabær, Garðatorgi 7  
Gluggar og garðhús ehf., Smiðsbúð 10  
Ísafoldarprentsmiðja ehf., Suðurhrauni 3  
Nýbarði hjólbarðaverkstæði ehf., Goðatúni 4  
Rásin sf., Hegranesi 21

## HAFNARFJÖRDUR

Actavis hf., Reykjavíkurvegi 76  
Ás - fasteignasala ehf., Fjarðargötu 17  
Bífreiðaverkstæðið Loki sf., Flatahrauni 5b  
Bílaspítalinn ehf., Kaplahrauni 1  
Bókhaldsstofa Vals, Dalshrauni 14  
Eiríkur og Einar Valur hf., Þúfubarði 19  
Feðgar ehf. - Byggingaverktakar, Fjólulíð 13  
Fínþússning ehf., Íshellar 2  
Fura ehf., Hringhellu 3 box 491  
Glerborg ehf., Dalshrauni 5  
Hafdal hf., Hvaleyrarbraut 2  
Hafnarbakki hf. v/ Suðurhöfnina, Óseyrarbraut 8  
Hvalur hf., Reykjav.veg 48 Box 233  
Japanskar-vélar ehf., Dalshrauni 26  
Jeppahlutir 4X4 ehf., Íshellu 4  
KIA Ísland, Flatahrauni 31  
Lögmenn Hafnarfirði ehf., Reykjavíkurvegi 60  
Nýsir hf., Flatahrauni 5

Pennzoil - smurstöð, Hjallahrauni 4  
Raf-x ehf., Kaplahrauni 7a  
Skipaafgreiðsla Hafnarfjarðar, Kjóahrauni 2  
Smurstöð Esso, Reykjavíkurvegi 54  
Stálbitar ehf., Miðvangi 41  
Suðurverk hf., Drangahrauni 7  
Suzuki umboði ehf., Kaplahrauni 1  
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði, Bæjarhrauni 18  
Útfararþjónusta Hafnarfjarðar, Stapahrauni 5  
Varahlutþjónustan sf, Íshellu 4  
Vélaverkstæði Jóhanns Ólafs ehf., Reykjavíkurvegi 70  
Viking björgunarbúnaður, Hvaleyrarbraut 27  
Vörumerking hf., Bæjarhrauni 20

## KEFLAVÍK

A. Óskarsson ehf., Heiðargerði 8  
B. Kristmundsson ehf., Hafnargötu 86  
Bífreiðaverkstæði Árna Heiðars, lðavöllum 9c  
Brautarneisti, Hringbraut 93b  
Brunavarnir Suðurnesja, Hringbraut 125  
Húsagerðin ehf., Hólmgarði 2c  
Langbest, Hafnargötu 62  
Málverk sf., Skólavegi36  
Nesprýði ehf., Vesturbraut 10-12  
OSN Iagnir ehf., Smiðjuvöllum 6  
Ósk ehf., Óðinsvöllum 6  
Plastgerð Suðurnesja ehf., Framnesvegi 21  
RV ráðgjöf, Efstaleiti 75  
Smurstöð og hjólbarðþjónusta Björns og Þórðar, Vatnsnesvegi 16  
Sparisjóðurinn í Keflavík, Tjarnargötu 12  
Sýslumaðurinn í Keflavík, Vatnsnesvegi 33  
Tölvuþjónusta Vals, Hringbraut 92  
Umbrot ehf., Víkurbraut 13 box 162  
Varmamót ehf., Framnesvegi 19  
Verkfræðistofa Suðurnesja ehf., Víkurbraut 13

## KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Flugmálastjórn á Keflavíkurlflugvelli,  
Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf., Keflavíkurlflugvelli  
Íslandica hf., Flugstöð Leifs Eiríks.  
Suðurlflug ehf., Keflavíkurlflugvelli  
Sýslumaðurinn á Keflavíkurlflugvelli, Grænási

## GRINDAVÍK

Grímsnes ehf., Hafnargötu 31  
Þorbjörn Fiskaness hf., Hafnargötu 12

## SANDGERÐI

Nesmúr sf, Holtsgötu 26

## GARÐUR

Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Heiðartúni 2  
Raftýran sf., Lyngbraut 1  
Sveitarfélagið Garður, Melbraut 3  
Von ehf., Skagabraut 42

## NJARÐVÍK

Bílar GS sport, Brekkustíg 38  
Bílar og hjól ehf., Njarðarbraut 11d  
Bíliðon ehf., Njarðarbraut 17  
Eldafell ehf., Fitjabraut 3  
Fram foods Ísland hf., Brekkustíg 22  
Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36  
R. H. Innréttingar, Skipabraut 1  
Renniverkstæði Jens Tómassonar ehf., Fitjabakka 1c  
Stapinn, Njarðvík  
Toyota salurinn, Njarðarbraut 19  
Vökvatengi ehf., Fitjabraut 2

## MOSFELLSBÆR

Bílaverkstæði Sigurbjörns Árnasonar, Flugumýri 2  
Eyjberg ehf., Eyjum II  
Grillvagninn ehf., Melgerði  
Gunnar og Kjartan, Bjargartanga 16  
Hjólbarðaverkstæðið Bæjardekk ehf., Langatanga 1a  
Nýja bílasmíðjan hf., Flugumýri 20  
Vélaleiga Guðjóns Haraldssonar, Markholti 14

## AKRANES

Bífreiðastöð P.P.P. ehf., Dalbraut 6  
Gámþjónusta Akraness ehf., Furugrund 3  
Hóperðabífreiðar Reynis Jóhanns ehf., Jörundarholti 39  
Sandblástur Sigurjóns ehf., Furugrund 39  
Skagaverk ehf., Skarðsbraut 11  
Smurstöðin Akranesi sf., Smiðjuvöllum 2



# Eiríkur Benedikt Ragnarsson og Kjartan Ægir Kristinsson

## Las Vegas 7.-19. ágúst

Við lögðum af stað til Las Vegas á laugardagseftirmiðdegi. Við fórum að heiman klukkan 12:00. Við millilentum í Minneapolis og vorum þar í 3 og hálfan tíma. Við lentum í Las Vegas klukkan 23:00 að staðartíma (06:00 að íslenskum tíma) eftir 18 tíma ferðalag. Sjálf flugferðin tók um 12 tíma. Það fyrsta sem við sáum var birtan frá neon ljósaskiltunum sem voru í þúsundatali. Þegar við komum á flugvöllinn sáum við unga stúlku sem var í bol sem á stóð „What happens in Vegas stays in Vegas“ sem er nokkurs konar mottó fyrir þennan stað sem er staðsettur í miðri eyðimörk. Las Vegas hefur verið kallað í Bandaríkjunum „Sin City“ eða syndaborgin vegna spilavítanna, peningaþvættis og hóruhúsanna en vændi er löglegt á vissum stöðum í Nevada. Nefna mætti að lögin í Nevada heimila þér að giftast og skilja á styttri tíma en nokkrum öðrum stað í heiminum og eru litlar kirkjukapellur þekktar vegna þess.

Fyrstu ábúendur voru Spánverjar sem skýrir nafnið Las Vegas eða „meadows“ á ensku sem er einhverskonar engi. Las Vegas varð borg 1905 en 1930 var íbúafjöldinn kominn í 5165. Árið 1931 varð spilavíti löglegt í Las Vegas og sama ár var Hoover stíflan byggð en hún er staðsett í 40 mínútna fjarlægð frá Las Vegas. Það var ekki fyrr en mafíósinn Bugsy Siegel kom þangað 1946 með miklar hugsjónir að hlutirnir fóru að gerast. Bugsy fékk lánað fé frá mafiunni og byggði fyrsta stóra hótelið „Flamingo Hotel“. Mafiunni ofbauð svo eyðslan að þeir drápu Bugsy. 13 mánuðum seinna var hótelið búið að borga sig upp. Í Las Vegas bjuggu árið 1985 186.000 manns, árið 1995 368.360 manns en í dag 1,5 milljónir manna og áætlun fyrir 2005 segir 2



milljónir. Þetta er mesta fólksfjölgun í Bandaríkjunum og ekki sér fyrir endann á því. Árlega fjölgar störfum um tæp 10 % og hótélherbergjum um 4 % í Las Vegas. Ferðamenn sem heimsækja þennan vinsæla stað eru 34 milljónir á ári og fjölgar frá ári til árs.

Eins og að ofan greinir lentum við klukkan 23:00 og hitinn úti 38 gráður celcius. Hæst fór hitinn upp í 52 gráður en á köldu dögum um niður í 34-35 gráður.

Námskeiðið sem við sóttum var mjög fjölbreytt með heitið Leynilegar aðgerðir. Það var haldið á ofangreindu hóteli Flamingo sem hefur þó tekið stakkaskiptum síðan Bugsy byggði það. Í því eru 3600 herbergi sem er ca 12 sinnum stærra en Hótel Saga. Flest hótelin í Las Vegas eru með 3400-4600 herbergi. Öll hótelin hafa sitt sér-einkenni eða gerviveröld. Á Paris er eftirlíking af Eiffelturminum.

Á New York er eftirlíking af frelsistyttnunni o.s.frv. Okkar hótél er þekkt fyrir „Bugsy“ og dýra-

lífið í hótélgarðinum en þar eru mörgæsir, flamingofuglar o.m.f.

### Það sem kennt var á námskeiðinu var eftirtalið:

Áhættugreining, farið var yfir 31 helstu áhættuþætti í starfi.

Hvernig á að haga sér fyrir dómi svo að mestar líkur verði á sakfellingu, fullkomið vitni. Mannleg samskipti, farið yfir helstu þætti í mannlegum samskiptum. Sálfræðiþættir varðandi starfið.

Að búa til gervi, EBR-0206 var breytt í 60 ára mann á 10 mínútum.

Rannsóknir á metamfetamínframléiðslu, t.d hvaða efni notuð eru til framléiðslu.

Búa til einkenni við leynileg störf svo sem annað nafn, kreditkort o.fl. Vændisrannsóknir, farið var með „Vice“ lögreglunni út á götu og fylgst með störfum vændiskvænna. Farið var yfir helsta hlerunarbúnað sem festur er á menn. Hells Angels, farið yfir

nokkur atriði varðandi klíkuskapinn kringum Hells Angels. Peningaþvottur.

Einnig störfuðum við með lögreglunni í Las Vegas fíkniefna-deild 8 og 9 í 26 tíma. Þar fórum við ásamt sérsveit lögreglunnar „SWAT“ í tvær húsleitir. Í fyrstu húsleit fannst metamfetamínframleiðsla og í seinni leitinni fannst krakk. Þá keyptum við krakk af aðila sem vændiskona benti okkur á. Í Bandaríkjunum má kaupa efni og selja efni til aðila og kæra þá síðan fyrir það. Það vakti athygli okkar hvað lögreglumenn sýndu kærðu litla virðingu. T.d. má nefna að í annarri húsleitinni voru kærðu látnir sitja í handjárnnum úti á götunni í 50 stiga hita og aðrir í hverfinu horfðu á.

Svo fengum við að skoða öryggiskerfi stærsta hótelsins í Las Vegas, MGM Grand, en það hefur yfir að ráða 3600 myndavélum og er eitt víðamesta öryggiskerfi í heiminum.

Vefsetur lögreglunnar í Las



Vegas <http://www.lvmpd.com>. Vefurinn er mjög fullkominn þar sem þú getur fengið upplýsingar um allar deildir, hlustað á „live“

lögregluskanner og séð glæpatíðni við hinar og þessar götur.

*Höfundar starfa hjá lögreglunni í Reykjavík.*

## Sameining lögregluembættanna eða breytingar á umdæmum

Eins og mönnum er kunnugt um þá skipaði Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra, svokallaða þriggja manna nefnd sem átti að skoða breytingar á umdæmaskipan lögreglu. Lítið hefur heyrst af störfum nefndarinn-



ar og hafa umræður verið um að ekkert verði af neinum breytingum og búið sé að stinga skýrslu nefndarinnar undir stól. Þetta var borið undir Björn og sagði hann það ekki vera rétt, hann væri enn með málið í vinnslu og væri m.a. að fara í heimsóknir til embættanna til að kynna sér aðstæður. Hann var á ferð í Borgarnesi og Búðardal í byrjun september og er meðfylgjandi mynd frá þeirri ferð. Hann er á leiðinni vestur á firði, Patreksfjörð, Ísafjörð, Bolungarvík og Hólmavík

og ætlaði að vera farinn þegar þetta er skrifað en varð að fresta för þar sem ekki var flugfært þegar hann ætlaði. Björn kvaðst vera þeirra skoðunar að víðtækari nýting á TETRA eða sambærkerfi stuðli að aukinni samhæfingu í löggæslu. Björn segir, að hann hafi sannfærst betur um það en áður vegna þessarar vinnu og með hliðsjón af atvikum úr starfi lögreglunnar, hve mikilvægt sé að skipuleggja löggæslustarf þannig að samvinna sé mikil um úrlausn einstakra

verkefni og ákveðið sé með verklagsreglum, hvernig slíki samvinnu skuli háttáð. Í þessu sambandi má geta þess að búið er að skrifa undir samning um aukna útbreiðslu á TETRA. Til viðbótar við þau embætti sem hafa getað nýtt sér TETRA hingað til eru Akureyri, Ísafjörður, Borgarnes, Akranes, Hvals-völlur, Vestmannaeyjar og Vík að bætast í þann hóp. Ekki er reyndar ljóst hvort öll þessi embætti fara í þjónustu hjá Fjar-skiptamiðstöðinni. Í dag geta þessi embætti, utan Borgarnes og Víkur, nýtt sér TETRA samband en stefnt er að því að bæta sambandið og fjölga sendum fyrir áramót en þá er reyndar búið að fylla upp í þann fjölda af TETRA sendum sem hægt er að hafa miðað við óbreytt grunnkerfi.

# Lögreglan í fæðingarorlof

**N**ú eru rúm fjögur ár liðin frá því að löggin um fæðingar- og foreldraorlof tóku gildi. Höfuðmarkmið laganna er að tryggja barni samvistir við móður og föður og gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Forsenda þess að karlar og konur geti tekið jafnan þátt í launavinnu sem og öðrum störfum utan heimilis er að þau skipti með sér umönnun barna sinna. Með lögnum var stigið stórt skref í átt að jafnrétti kynjanna, einkum er lýtur að sérstöku fæðingarorlofi karla.

En hvernig skyldi þetta hafa tekist til? Samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi Tryggingastofnunar ríkisins fóru um tíu þúsund foreldrar í fæðingarorlof í fyrra, 5.149 mæður og 4.431 faðir, og lítur því út fyrir að löggin virki nokkuð vel.

Hér á eftir ætla ég að fara yfir helstu ákvæði laganna um fæðingarorlof og þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á lögnum.

## Réttur foreldra til töku fæðingarorlofs

Hvort foreldri um sig á sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Þar sem þessi réttur er sjálfstæður getur annað foreldrið ekki framselt þennan rétt til hins foreldrisins. Auk þess eiga foreldrar sameiginlegan rétt á þremur mánuðum til viðbótar og ráða hvernig þau skipta honum sín á milli.

### Réttur til fæðingarorlofs: Móðirin 3 mánuði Faðirinn 3 mánuði

Sameiginlegir 3 mánuðir sem þau skipta á milli sín eftir samkomulagi.

Forsjárlaust foreldri á rétt til töku fæðingarorlofs, enda liggja fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlaus foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlofið stendur yfir.

Við fjölburafæðingu lengist fæðingarorlof um 3 mánuði fyrir hvert barn umfram eitt. Þessi aukni hluti er til frjálsrar ráðstöfunar foreldra. Þá eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarorlofi í allt að þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarorlofi í allt að tvo mánuði.

## Tilhögun fæðingarorlofs

Löggin um fæðingarorlof gera ráð fyrir verulegum sveigjanleika við töku fæðingarorlofs. Foreldrar eiga rétt á því að taka fæðingarorlofið í einu lagi. Foreldrar geta líka skipt fæðingarorlofinu niður á fleiri tímabil en eitt, eða að það verði tekið samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Þessi sveigjanleiki er háður samkomulagi við vinnuveitanda.

**Dæmi:** Foreldrarnir ákveða að móðirin taki sína 3 mánuði ásamt 2 mánuðum af sameiginlega réttinum. Móðirin hefur því 5 mánuði sem hún í samkomulagi við sinn vinnuveitanda lengir í 10 mánuði. Faðirinn tekur sína 3 mánuði og 1 mánuð af sameiginlega réttinum. Hann tekur 1 mánuð þegar barnið fæðist og þegar móðirin fer að vinna tekur hann hina 3 mánuðina. Með þessum sveigjanleika geta foreldrar verið hjá barninu í 14 mánuði áður en það þarf að setja það í dagvistun.



Huga þarf að því að réttur til fæðingarorlofs fellur sjálfkrafa niður er barnið nær 18 mánaða aldri.

## Tilkynning/umsókn um fæðingarorlof

Þegar starfsmaður hyggst nýta sér rétt til fæðingarorlofs skal hann tilkynna vinnuveitanda sínum það eins fljótt og kostur er og í síðasta lagi átta vikum fyrir fyrirhugaðan fæðingardag barns. Foreldri skal sækja um greiðslu í fæðingarorlofi til Tryggingastofnunar ríkisins sex vikum fyrir áætlaðan fæðingardag barns.

## Skilyrði fyrir rétti til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði

Sérstakur Fæðingarorlofssjóður var stofnaður samkvæmt lögnum og annast hann greiðslur í fæðingarorlofi. Foreldri öðlast rétt til greiðslna úr sjóðnum eftir að hafa verið samfelld í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fyrir upp-



hafsdag fæðingarorlofs eða fæðingardag barns.

Mánaðarleg greiðsla starfsmanns í fæðingarorlofi er 80% af meðaltali heildarlauna viðkomandi eða reiknaðs endurgjalds. Miðar þetta greiðslufyrirkomulag við 12 mánaða samfellt tímabil sem lýkur 2 mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs.

Þann 1. janúar á næsta ári taka gildi nokkrar breytingar á lögnum. Verður viðmiðanatímabilinu t.d. breytt þannig að það stendur yfir í tvö tekjuár, almanaksár, á undan fæðingarári barns eða þess árs sem barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur. Þá er nýmæli í lögnum sem einnig tekur gildi á næsta ári að fjárhæð mánaðarlegrar greiðslu Fæðingarorlofssjóðs verður bundin við 480 þúsund eða 600 þúsund króna tekjur. Verður sem sagt sett ákveðið þak á þær greiðslur sem hægt er að fá úr sjóðnum.

## Greiðslur úr fjölskyldu- og styrktarsjóði

Árið 2001 var stofnaður sérstakur fjölskyldu- og styrktarsjóður sem er sameiginlegur fyrir BSRB, BHM og KÍ. Hefur sjóðurinn það hlutverk m.a. að tryggja að þær konur sem eru félagsmenn í aðildarfélögum framangreindra samtaka og hafa verið a.m.k. í 25% starfi samfellt í 6 mánuði fyrir fæðingarorlof njóti ekki lakari greiðslna í fæðingarorlofi en þær hefðu notið samkvæmt reglugerð um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins. Reglugerðin var afnumin með fæðingarorlofslögnum. Ef sýnt þykir að kona hefði fengið hærri greiðslur í fæðingarorlofi eftir reglugerð um barnsburðarleyfi en hún fær úr Fæðingarorlofssjóði, greiðir fjölskyldu- og styrktarsjóðurinn mismun. Það er því ekki í öllum tilvikum sem kona fær greitt úr sjóðnum.

## Öryggi og heilbrigði á vinnustað

Mjög mikilvægt lagaákvæði sem snertir lögglukonur er í 11. gr. fæðingarorlofslaganna. Gildir það um konur á vinnustað sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða eru með barn á brjósti. Ef sýnt þykir að öryggi þeirra sé hættu-

búin samkvæmt sérstöku mati skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi konunnar með því að breyta tímabundið vinnuskilyrðum hennar og eða vinnutíma hennar. Ef því verður ekki við komið af tæknilegum ástæðum eða öðrum gildum ástæðum skal vinnuveitandi hennar fela henni önnur verkefni, en að öðrum kosti veita henni leyfi frá störfum í svo langan tíma sem nauðsynlegt er til að vernda öryggi hennar og heilbrigði. Þar sem þetta ákvæði nær sannarlega til



Steinar og sonur.



lögreglustarfsins er því mikið beitt. Er mjög mikilvægt að þungaðar lögglukonur séu settar í störf þar sem öryggi þeirra er ekki í hættu. T.d. eru þær fluttar í almenn skrifstofustörf og vinnutíma breytt þannig að þær séu eingöngu á dagvöktum.

Samkvæmt ákvæðinu skulu breytingar sem teljast nauðsynlegar á vinnuskilyrðum konu ekki hafa áhrif á launakjör hennar til lækkunar eða á önnur starfstengd réttindi.

Ef veita þarf þungaðri konu leyfi frá störfum á hún rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Hins vegar verður að hafa í huga að þá er einungis um 80% heildar-

launa að ræða sem hefur áhrif á greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Þarf vinnuveitandi því að hafa gildar ástæður fyrir því að veita henni leyfi frá störfum í stað þess að finna henni önnur verkefni innan stofnunarinnar.

### Hvernig er hægt að tryggja öryggi skv. 11. gr. ?:

1. Breyta tímabundið vinnuskilyrðum og eða vinnutíma eða
2. fela henni önnur verkefni. Það á ekki að hafa áhrif á laun til lækkunar.
3. Ef 1 og 2 gengur ekki þá á að veita leyfi frá störfum. Þá fær konan greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði.

## Vernd réttinda

Foreldrum er tryggð uppsöfnun og vernd réttinda. Á meðan á fæðingarorlofi stendur greiðir foreldri áfram í lífeyrissjóð og gert er ráð fyrir að Fæðingarorlofssjóður greiði að lágmarki 6% af fæðingarorlofsgreiðslum. Foreldri er auk þess heimilt að greiða í séreignarsjóð og greiðir þá Fæðingarorlofssjóður lögbindið framlag á móti. Fæðingarorlof reiknast til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum, starfsaldursþækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og réttar til atvinnuleysisbóta. Ráðningarsamband milli starfsmanns og vinnuveitanda helst óbreytt og réttur til að hverfa að sama starfi eða sambærilegu er einnig tryggður.

## Foreldraorlof

Í lögnum eru kveðið á um rétt foreldris til að taka svokallað foreldraorlof. Gildir þessi réttur vegna barna sem eru fædd 1. janúar 1998 eða síðar. Samkvæmt lögnum á foreldri sjálfstæðan rétt til launalauss foreldraorlofs að hámarki í 13 vikur eftir að hafa starf að samfellt í sex mánuði hjá sama vinnuveitanda. Heimilt er að taka foreldraorlof í einu lagi eða eftir samkomulagi við vinnuveitanda. Réttur til töku foreldraorlofs fellur niður við átta ára aldur barns.

*Höfundur er lögfræðingur BSRB*

# Reglur um lögmannsaðstoð hjá LL

- Óski félagsmaður aðildarfélags LL eftir lögmannsaðstoð á kostnað LL ber hann fram ósk um það við aðildarfélag sitt með skriflegum hætti.
- Aðildarfélagið skal taka beiðnina fyrir á stjórnarfundum og áfram senda hana, að lokinni afgreiðslu, til LL þar sem beiðnin skal afgreidd.
- Framkvæmdastjórn eða stjórn LL tekur ákvörðun um hvort lögfræðileg aðstoð sé veitt, hve mikla aðstoð skuli veita og hvert skuli sækja hana.
- Sé um mjög brýnt mál að ræða sem að þarfnast tafarlausrar aðstoðar er heimilt að leita beint til formanns eða framkvæmdastjóra LL sem geta veitt bráðabirgða heimild varðandi aðstoð, en viðkomandi aðili skal síðan leggja fram skriflega beiðni í samræmi við gr. 1.
  - Þegar ætla má að um sé að ræða brot á ákvæðum kjarasamnings gagnvart honum.
  - Aðstoð vegna andmælaréttar vegna fyrirhugaðrar áminningar eða lausnar um stundarsakir ef um er að ræða ætlað brot í starfi eða ef talið er að ákvæði laga eða reglna séu brotnar á honum í málsmeðferðinni.
  - Við að fá hnekk fyrir dómi áminningu eða brottvikningu.
  - Við réttargæslu vegna kærur vegna brota í starfi sem leiðir til ákæru og dómnsiðurstöðu sem hefur kostnað í för með sér fyrir viðkomandi.
  - Við málalíbúnað á bótakröfu og framhald máls fyrir
- Félagsmaður aðildarfélags LL getur átt rétt á lögmannsaðstoð á kostnað LL að mati framkvæmdastjórnar/stjórnar m.a. í eftirfarandi tilfellum.
  - Þegar ætla má að um sé að ræða brot á ákvæðum kjarasamnings gagnvart honum.

## Lögfræðiaðstoð vegna líkamstjóna

Lögmannsstofan Fortis ehf. hefur um árabil annast innheimtu bóta vegna líkamstjóna. Samkvæmt gjaldskrá lögmannsstofunnar reiknast þóknun fyrir innheimtar slysabætur eftir þeim hagsmunum sem í húfi eru þ.e.a.s. fjárhæð bótanna.

Í þeim tilvikum þar sem krafist er bóta skv. ákvæðum skaðabótalaga þá greiðir hinn bóta-skyldi aðili, í flestum tilvikum viðkomandi tryggingafélag stærsta hluta lögmannskostnaðarins.

Eigi tjónþoli hins vegar aðeins rétt á greiðslu bóta úr launþegatryggingu, keyptri slysatryggingu eða frá Tryggingastofnun ríkisins þá kemur lögmannsþóknun til frádráttar af bótafjárhæðinni.

Lögmannsstofan Fortis ehf. veitir lög-reglumönnum 20% afslátt af lögmannsþóknun vegna þessara mála.

Vakin er athyli á því að Landssamband lögreglumanna tekur ekki þátt í greiðslu lögmannskostnaðar nema fyrir liggja skriflegt samþykki sambandsins.

Almenn lögfræðipjónusta fyrir lög-reglumenn og fjölskyldur þeirra.

Lögmannsstofan Fortis ehf. býður félagsmönnum í Landssambandi lög-

reglumanna og fjölskyldum þeirra 20% afslátt af allri lögfræðipjónustu stofunnar.

**UMBOÐ**

Til handa Svölu Thorlacius hrl. kt. 060442-7119, Gylfa Thorlacius hrl., kt. 270940-3159, S. Sif Thorlacius hdl., kt. 230562-2029, og/eða Kristjáni B. Thorlacius hdl. kt. 270269-5409, eða þeim sem þau kunnu að setja í sinn stað til að gæta hagsmuna undirritaðs/rar

gagnvart

eða öðrum þeim, sem málið kann að beinast að vegna sem ég varð fyrir þann

Umboð þetta nær til sérhverra ráðstafana til að gæta réttar undirritaðs út af ofangreindu, þ.á.m. til að gera sátt, undirrita skjöl, taka við skjölum, greiðslum og kvitta fyrir, svo og til að afla nauðsynlegra gagna, þ.m.t. læknisvottorða, upplýsinga um fyrra heilsufar, skattskýrslna, leggja málið fyrir matsmenn og/eða örorkumatsnefnd og gera annað það sem nauðsynlegt kann að teljast. Undirritaðum hefur verið kynnt gjaldskrá lögmannsstofunnar og sérkjör sem félagar í Landssambandi lögreglumanna njóta.

Allt sem gert er samkvæmt umboði þessu er jafngilt sem undirritaður hefði sjálfur gert.

Reykjavík,

\_\_\_\_\_

nafn og kt.

\_\_\_\_\_

heimilisfang

sími

Vottar: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

nafn og kt.

\_\_\_\_\_

nafn og kt.

- ir dómstólum ef nauðsynlegt telst að mati lögmanna LL og hefur kostnað í för með sér fyrir viðkomandi.
- f. Vegna kostnaðar við varnir í einkamáli sem höfðað er gegn honum til greiðslu skaðabóta vegna meintra mistaka í starfi. Þar sem viðkomandi er sýknaður en eftir standi lögfræðikostnaður vegna málsins.
  - g. Þá getur starfsmaður átt rétt á lögmannaástoð ef að mál hans varðar ýmis lög t.d. starfsmannalög, stjórn-sýslulög, upplýsingalög ofl. sem að tengjast rétti hans til að ná fram réttindum sínum er varðar starf hans eða vegna annarra þeirra atriða sem framkvæmdastjórn /stjórn LL telur eðlilegt að veita lögmannaástoð vegna.
  6. LL ber einungis kostnað vegna lögmannaástoðar frá þeim tíma sem beiðnin um lögmannsaðstoð er afgreidd, nema annað, sé ákveðið við afgreiðslu málsins. LL ber ekki ábyrgð á áður tilkomnum kostnaði hjá sjálfstætt starfandi lögmönnum eða sérfræðingum, nema annað sé ákveðið, annars er það á ábyrgð viðkomandi einstaklings eða viðkomandi aðildarfélags.
  7. Framkvæmda stjórn/stjórn er heimilt að synja um aðstoð á kostnað LL ef:
    - a. Viðkomandi er kærður – ákærður - dæmdur fyrir vítaverða vanrækslu, stórfellt gáleysi, ásetning eða stórfellt brot í starfi.
    - b. Þá er og heimilt að synja um lögfræðilega aðstoð ef lögmáður LL metur það svo að lögfræðileg aðstoð hafi enga þýðingu. Framkvæmdastjórn/stjórn metur það ávallt í samráði við lögmann LL hve mikla lögfræðilega aðstoð lögreglumanni skuli veitt.
  8. Ekki skal veita aðstoð vegna lögfræðikostnaðar vegna mála sem koma upp í einkalífi manna nema málið varði lið 5a og b.
  9. Heimilt er framkvæmdastjórn/stjórn að skilyrða ábyrgð á greiðslu lögfræðikostnaðar við niðurstöðu máls í samræmi við gr. 7.
  10. Ákvarðanir á grundvelli reglna þessara eru byggðar á mati framkvæmdastjórnar og stjórnar LL hverju sinni en stjórn LL er heimilt að víkja frá ákvæðum þeirra ef ríkar ástæður eru fyrir hendi að mati aukins meirihluta stjórnar.
  11. Breytingar sem að gerðar eru á reglum þessum eru háðar samþykki stjórnar LL. Reglur þessarar öðlast þegar gildi.

*Samþykkt á stjórnarfundum LL  
þann 4. september 2003*



## Lögregla við Kárahnjúka



# Kárahnjúkar

## Umfang framkvæmda

Að haustlagi árið 2002 hófust framkvæmdir við undirbúning Kárahnjúka-virkjunar, hófust framkvæmdir í kjölfar sameiginlegrar viljayfirlýsingar milli ríkisstjórnar Íslands, Landsvirkjunar og ALCOA þar sem tekið var á gerð vatnsaflsvirkjunar á Kárahnjúkasvæðinu meðal annars.

Frá þeim tíma er framkvæmdir hófust hefur umfang þeirra sífellt aukist og að sama skapi fjöldi starfsmanna á virkjunarsvæðinu einnig.

Í dag starfa við gerð Kárahnjúka-virkjunar á bilinu 1400 til 1500 manns. Langflestir starfa hjá Impregilo en nokkur fjöldi starfar hjá Landsvirkjun, Arnarfelli, Fosskraft og öðrum undirverktökum á svæðinu.

Nú í byrjun september störfuðu á svæðinu 1037 starfsmenn á vegum Impregilo. Þar af voru 99 Íslendingar en 938 útlendingar, af útlendingum voru portúgalir fjölmennastir eða 530 talsins.

Er þessar tölur eru skoðaðar er ekki annað hægt en að minnast fullyrðinga forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar áður en til framkvæmda kom þess efnis að við gerð Kárahnjúka-virkjunar myndi þorri starfsmanna eða um 70 til 80% vera af íslensku bergi brotin.

En nóg um það, ekki er ætluð undirritaðs að leiðast inn í umræðuna um kosti og galla virkjunar og álvers í grein þessari.

Ef til gamans reynt er að sýna hér fram á umfang framkvæmdanna við Kárahnjúka verður t.d. aðalstíflan er staðsett verður við Hafrahvammagljúfur við Fremri-Kárahnjúk 193 metrar á hæð og 730 metrar að lengd. Áætlað er að um 8,5 milljónir rúmmetra af fyllingar-efni þurfi í stífluna. Samanlögð lengd allra stífna verður um 3 km.

Lónið er kemur til með að myndast við gerð aðalstíflu er jök-

ulsá á Dal verður stífluð mun kallast Háslón og áætlað er að það verði 57 ferkílómetrar að flatarmáli og um 25 km. að lengd þegar það er fullt. Þá verða jarðgöng vegna virkjunarinnar alls um 72 km. að lengd.

### Löggæsla:

Umdæmi 26 telst vera umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði. Umdæmið er víðfemt og nær frá Gunnólfsvíkurfjalli í norðri suður á Dalatanga, um allt hérað og inn á Vatnajökul.

Kárahnjúkar eru innan umdæmisins.

Í umdæminu starfa sjö fastráðnir lögreglumenn. Varðstofur eru á Seyðisfirði þar sem tveir lögreglumenn starfa, á Egilsstöðum þar sem fjórir lögreglumenn starfa og á Vopnafirði þar sem einn lögreglu- maður er starfandi.

Þéttbýlisstaðir í umdæminu eru: Egilsstaðir, Fellabær, Seyðisfjörður, Borgarfjörður eystri, Bakkafjörður, Vopnafjörður og nú einnig Kárahnjúkar.

Lögreglumenn leitast við að halda uppi sem stöðugustu eftirliti og eðlilegu þjónustustigi um allt umdæmið. Með tilkomu Kárahnjúka-virkjunar myndaðist nýr þéttbýliskjarni í umdæminu sem vegna staðsetningar sinnar er oft erfiður heim að sækja sérstaklega að vetrarlagi.

Raunar skiptast þéttbýliskjarnar á svokölluðu Kárahnjúkasvæði í fernt. Um er að ræða svokallaðar aðalbúðir er staðsettar eru við Kárahnjúka og þar býr meginþorri starfsmanna. Einnig eru þéttbýliskjarnar á þremur stöðum frammar á Fljótsdalsheiðinni, kallast þeir aðgöng 1, 2 og 3. Á hverjum þeirra búa að jafnaði um 120 manns.

Allir eiga þessir þéttbýliskjarnar það sameiginlegt að vera staðsettir í nokkurri hæð yfir sjávarmáli á opnum svæðum. Þannig að

eftir að snjóa festir að vetri má vind lítið hreyfa til að færð spillist. Vegir um svæðið eru að jafnaði ekki uppbyggðir og liggja því í sömu hæð eins og umhverfið hverju sinni. Færð er því fljót að spillast en reynt er eins og hægt er hverju sinni að halda veginum inn að aðalbúðunum opnum alla daga ársins.

Lögregla hefur þó oft sem og aðrir er um svæðið þurfa að fara lent í því að þurfa að bíða af sér veðurham víðsvegar á heiðinni til þess að komast á áfangastað og hafa ferðirnar oft dregist á langinn af þeim sökum.

Lögregla á Egilsstöðum sér jafnan um löggæslu á svæðinu og annast útköll.

Hefur lögregla á Egilsstöðum til umráða Izusu Trooper jeppa er jafnan er notaður í ferðum um svæðið. Er þar um ágætis bifreið að ræða en þó vantar oft á vetrum sárlega driflæsingar í bifreiðina.

Svokallaðar aðalbúðir þar sem eins og áður sagði flestir starfsmenn við virkjun halda til eru staðsettar í um 100 km. fjarlægð frá Egilsstöðum þannig að ljóst má vera að nokkurn tíma tekur lögreglu að komast á vettvang, sérstaklega á það við að vetrarlagi.

Þess ber þó að geta að í aðalbúðum eru staðsettir svokallaðir öryggisfulltrúar á vegum Impregilo og einnig á vegum Landsvirkjunar(VIJV) og hafa þeir oft verið lögreglu innan handar við t.d. verndun vettvang uns lögregla kemur á staðinn.

Í aðalbúðum við Kárahnjúka hefur lögregla til afnota aðstöðu þar sem unnt er að ganga í pappírsvinnu og jafnvel halla sér yfir nótt.

Þau verkefni er upp koma á svæðinu eru mörg og fjölbreytt. Í umræðunni hafa mikið verið svokölluð réttindamál en við eftirgreunslan lögreglu hefur nokkuð

borið á því, þó mjög fari það batnandi, að starfsmenn hinna ýmsu tóla og tækja séu réttindalausir við vinnu sína. Þá er lögregla í góðu samstarfi við fulltrúa Vinnueftirlits Ríkisins er upp koma mál er varða öryggi, aðbúnað eða skylda þætti á vinnusvæðinu.

Starfsmenn sækja nokkuð til Egilsstaða um helgar í skemmtana-lífið. Er það þá sérstaklega áberandi á laugardagskvöldum. Erill lögreglu á Egilsstöðum hefur nokkuð aukist um helgar samfara auknum fjölda á skemmtistöðum. Í langflestum tilfellum er hegðun erlendra starfsmanna er sækja skemmtanahald til fyrirmyndar og komast þeir til að mynda ekki með tærnar þar sem við Íslendingar erum með hælana er kemur að slagsmálum og almennum drykkjulátum.

Yfirleitt eru samskipti við þá góð og mættu margir Íslendingar taka sér til fyrirmyndar þá fram-

komu og virðingu er lögreglu er sýnd af hálfu þessara manna.

Það er þó ekki svo að lögregla verði ekki vör við ákveðna neikvæða þætti með tilkomu helgarheimsóknna starfsmanna af Kárahnjúkasvæðinu. Þar skal helst nefna að ölvunarakstur virðist mun algengari meðal þeirra en okkar Íslendinga. Það á þá sérstaklega við um þá er koma frá Suður-Evrópu. Það sem af er þessu ári hafa 33 ökumenn verið stöðvaðir vegna gruns um ölvun við akstur í umdæminu og er í þeim hópi um þriðjungur erlendir starfsmenn við Kárahnjúkavirkjun, þykir lögreglu þetta með tilliti til íbúafjölda allt of há tala.

Þá hafa virkjunarframkvæmdum fylgt miklir flutningar á vegum og oft verið í nógu að snúast hjá lögreglu meðal annars við fylgd þungaflutninga og fylgd sprengiefna.

Frá sjónarhóli lögreglu hafa

framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun gengið nokkuð vel fyrir sig og hin fjölþóðlegi her er þar starfar settur oft skemmtilegan og alþjóðlegan svip á lögreglustarfið.

Þó er það svo við framkvæmdir af þessari stærðargráðu að ekki verður hjá því komist að upp komi erfið og leiðinleg mál. Við framkvæmdirnar hefur einn aðili beðið bana við vinnu sína og var þar um Íslending að ræða. Slys það átti sér stað sl. vor og er það ósk undirritaðs að þau verði ekki fleiri við framkvæmdir þessarar.

Frá Egilsstöðum og inn að aðalbúðum við Kárahnjúka er í dag þokkalegur vegur að mestu malbikaður. Að öllu jöfnu yfir sumartíman er vegurinn greiðfær öllum bílum og hvetur undirritaður þá er leið eiga um hérað og næsta nágrenni til þess að líta á framkvæmdirnar með eigin augum.

*Höfundur er varðstjóri.*

## Hermann Karlsson

# Svo lengi lærir sem lifir

**S**tarfsumhverfi okkar lögreglumanna hefur oftast en ekki verið vinsælt umræðuefni í kaffistofuspjalli á lögreglustöðvum um land allt og mjög svo skiptar skoðanir á því hvort að það sé gott eða slæmt.

Eitt er þó allveg ljóst að það er með allt öðrum hætti en það var á seinni hluta síðustu aldar og tel ég að með hverju árinu þurfi lögreglumenn að vera meira og meira á varðbergi í þeim verkefnum sem þeir eru að vinna að hverju sinni. Á ég þá jafnt við hvort sem menn eru að vinna úti á vettvangi og þurfa að taka ákvarðanir í skyndi með mikla pressu á bakinu eða í skrifstofuumhverfi því allt lítur þetta að persónulegum högum þeirra aðila sem við erum að fást við.

Ánægjulegt er að sjá að framkoma almennings í garð okkar lögreglumanna er farin að ná eyrum í dómskerfinu og hafa nú m.a. í sumar gengið nokkrir héraðsdómar þar sem aðilar eru dæmdir til fangelsisveru eða greiðslu sekta fyrir ofbeldi og hótanir í garð lögreglumanna sem hafa verið að sinna skyldustörfum. Ljóst er þó að flestum lögreglumönnum finnst þessi málaflökkur vera þungur og svifaseinn og talsvert þurfi nú að ganga á til að boltinn fari að rúlla í kerfinu.

Yfirskrift þessa pistils flaug í huga mér laugar-

dag einn í júlí sl. en þá bar ég einn af yfirmönnum mínum hér hjá embættinu á Akureyri augum í kvöldfréttatíma sjónvarpsins. Þá hafði nefnilega komið upp sú staða hér á Akureyri kvöldið áður að ungur piltur gekk hér um bæinn vopnaður öflugum rifli og var talið að hann hefði skotið úr honum nokkrum skotum og væri í leit að ákveðnum aðila. Málavextir og afgreiðsla málsins er flestum okkar kunn en í ljós kom í viðtali þessu að þrátt fyrir yfir 40 ára starf í lögreglunni þá kvaðst þessi yfirmaður sjaldan hafa lent í jafn erfiðri stöðu og þetta kvöld og væri þetta með því verra sem hann hefði lent í. Datt mér þá fyrst í hug orð kunns leigubifreiðastjóra í Reykjavík úr þekktu sjónvarpsefni „ég er nú búinn að vera leigubifreiðastjóri í 25 ár en aldrei lent í þessu áður“.

Staða okkar er nefnilega sú að við verðum að vera vakandi fyrir því umhverfi sem við vinnum í og taka mið af því hverju sinni þegar s.s. búnaður er valinn og mannskapurinn þjálfaður að segja ekki bara að hlutirnir hafi verið svona á síðustu öld og skulu vera það áfram og að litlar líkur séu á að þetta komi fyrir aftur. Tímarnir breytast nefnilega og mennirnir með.

*Höfundur er lögreglumaður á Akureyri og varaformaður LL*

# Verkefnamiðuð löggæsla

**H**verfislögreglan ætti að vera orðin nokkuð þekkt leining innan lögreglunnar, sérstaklega hjá lögreglunni í Reykjavík, en hún hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum, í borgarstjórn, innan lögreglunnar og annars staðar.

Fyrsta hverfisstöðin var opnuð í Árbæ árið 1971 í þeim tilgangi að auka öryggi íbúanna og bæta þjónustu lögreglunnar í nágrenninu. Einn lögreglumaður var inni á lögreglustöðinni (stöðvarmaður) og tveir lögreglumenn á eftirlitsbifreið sinntu útköllum.

Breyttu rekstrarformi var komið á innan stöðvarinnar árið 1985, þ.e. komið var á virkara og reglubundnara eftirliti, málum átti að fylgja betur eftir og ennfremur átti að koma á auknu samstarfi og kynnum við starfsfólk fyrirtækja á svæðinu. Starfsemin galt talsvert fyrir þann samdrátt sem varð í löggæslu í lok níunda áratugarins en þó lærdist margt sem kom til góða á næstu árum. Árbæjarstöðinni var lokað árið 1989.

Það var síðan seinna á árinu 1989 að opnuð var hverfislögreglustöð í Breiðholti með nýju rekstrarformi.

Rekstrarforminu var breytt á þann veg að hverfislögreglumennirnir, sem voru þrír, fóru ekki í almenn útköll heldur var þeim ætlað að einbeita sér að því að kynnaast íbúum hverfisins og taka á vandamálum er bárust lögreglunni. Um almenn útköll í hverfinu sáu lögreglumenn frá aðalstöðinni við Hverfisgötu (þó ekki alltaf sömu mennirnir). Á þessum tíma var neysla og sala heimabryggðs landa mikið vandamál og þá sérstaklega meðal unglinga. Lögreglumenn upplýstu mörg þeirra mála og einnig ýmis önnur mál. Mikið var fjallað um þetta í fjölmiðlum og íbúar í hverfinu voru mjög ánægðir með lögregluna.

Lögreglumennirnir kynntust og fengu upplýsingar frá húsvörðum fjölbýlishúsanna, unglingum í hverfinu (unglingarnir komu oft í heimsókn á lögreglustöðina), starfsfólki skólanna, sjoppu- og verslunareigendum og ýmsum öðrum sem gátu veitt lögreglunni lið við að halda uppi öryggi í hverfinu og bæta upplýsingaflæðið milli aðila.

Hverfisstöð var síðan opnuð í Grafarvogi árið 1991 og lögreglustöðin á Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ fór undir lögregluna í Reykjavík árið 1988.

Eftir að lögreglustöðinni í Árbænum var lokað árið 1989 beittu íbúarnir sér fyrir aukinni löggæslu. Það varð síðan úr að þeir fengu sérstakan hverfislögreglumann árið 1994 sem var með aðstöðu í Árbæjarskóla. Hann sinnti ekki útköllum nema í sérstökum tilvikum, þ.e. hann var ekki með útkallsskyldu líkt og hverfislögreglumennirnir í Breiðholti. Lögreglan í Breiðholti flutti síðan í nýtt og betra húsnæði árið 1997 og höfðu þá orðið skipti á starfsmönnum hjá hverfislögreglunni — staðan var þannig að einn hverfislögreglumaður var með Breiðholtið í stað þriggja og einn var í Árbænum en hann flutti starfsaðstöðu sína í Breiðholtið árið 1997. Þessir hverfislögreglumenn voru ekki með útkallsskyldu.

Þessi þjónusta hefur síðan verið til staðar og þróast. Í Reykjavík eru hverfislögreglumenn í öllum hverfum, þ.e. sex talsins. Í upphafi var engin ein stefna mótuð fyrir þessa sérstöku hverfislögreglumenn fyrir utan það að þeir áttu að tengjast íbúum og eigendum fyrirtækja og leysa vandamál sem upp kæmu í hverfinu. Að öðru leyti höfðu þeir frjálslar hendur með að byggja starfið upp. Síðar var því komið á að þeir rannsökuðu mál ósakhæfra barna í sínum hverfum.

Reglulega voru fundir þar sem hverfislögreglumennirnir hittust og töluðu um verkefni og vandamál í hverfunum og markmið voru sett til úrbóta fyrir hvert og eitt hverfi.

### Hugmyndafræði POP

Hverfislögreglumennirnir unnu og vinna mikið eftir hugmyndafræðinni POP – Problem Oriented Policing, eða verkefnamiðaðri löggæslu, þ.e. að vinna með fólkinu að ýmsum samfélagslegum málum.

Á árunum eftir 1980 fóru bandarísk lögregluembætti að vinna samkvæmt hugmyndum um verkefnamiðaða löggæslu (Problem Oriented Policing) og fljótlega upp úr því varð til markviss stefna um fyrirbærið. Aðferðarfræðin vann sér fljótt sess í öðrum löndum, m.a. á Norðurlöndunum. Í verkefnamiðaðri löggæslu er lögð áhersla á nýtt verklag sem hafi fyrirbyggjandi gildi í eðli sínu, sé ekki háð úrræðum réttarvörslukerfisins og virki aðrar opinberar stofnanir, samfélagið og einkageirann. Aðkoma þessara aðila getur haft veruleg áhrif í þá átt að draga úr vandamálum. Verkefnamiðuð löggæsla kallar á nýtt verklag, mat á árangri sem af því leiðir og skráningu þess árangurs til góða fyrir lögregluna í heild, sem þannig safnar í þekkingar- og reynslusjóð til framtíðar.

Rannsóknir erlendis hafa leitt eftirfarandi staðreyndir í ljós:

- Lögreglan fæst við breitt svið samfélagslegra vandamála sem mörg hver eru ekki glæpir í eðli sínu.
- Handtökur og saksókn ein og sér (hefðbundin úrræði réttarvörslukerfisins) duga ekki alltaf til lausnar vandamála.
- Mjög mikilvægt er að fela lögreglumönnum sem hafa innsýn



í samfélagsleg vandamál þann starfa að finna lausnir á þeim.

- Lögreglan getur notað margþætta aðferðir til þess að takast á við viðvarandi vandamál.
- Samfélagið metur aðkomu lögreglu að þeim vandamálum sem ekki eru afbrot og viðleitni hennar til að leysa þau.

### Dæmi:

Margar kvartanir bárust á lögreglustöð þess efnis að gangbraut vantaði sárlega yfir Skógarselið og að ökumenn bifreiða ækju of hratt. Á þessum slóðum væru mörg börn á ferð á æfingar í ÍR-heimilinu (Íþróttafélag Reykjavíkur) og annað. Lögreglumaður hverfisins kynnti sér aðstæður og varð sér úti um radarbyssu og fékk umferðardeildina til samvinnu við sig. Gatan var radarmæld í nokkurn tíma. Í ljós kom að kvartanirnar áttu við rök að styðjast og þá sérstaklega á tímabilinu frá klukkan 7.30 til 9.00 og síðan aftur um 16.00 til 18.00 og um kvöldið frá 21.00. Gangbraut var til staðar en hún var ekki nægilega vel merkt og ökumenn sem áttu leið um sáu hana illa. Hverfislögreglumaðurinn hófst handa og fékk það í gegn ásamt réttum aðilum að fá þarna vel merkta gangbraut og upplýst gangbrautarmerki með ljósum báðum megin við veginn. Einnig var gert tímabundið átak og radarmælt með sjáanlegri löggæslu á hættulegasta tíma til þess að ná ökuhraðanum niður. Að síðustu voru settar auglýsingar í hverfisblaðið Breiðholtstíðindi. Margt annað væri einnig hægt að nefna.

### Lögreglan á landsbyggðinni.

Lögreglumenn úti á landsbyggðinni vinna margir hverjir á mjög svipaðan hátt og hverfislögreglumenn í Reykjavík. Þeir hafa nálgæðina með sér, þurfa oftast ekki að sinna útköllum í sama mæli á degi hverjum og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og þar af leiðandi hafa þeir meiri tíma til að hlúa að þjónustuþættinum. Einnig eru þeir með lögheimili sitt í því sveitarfélagi sem þeir vinna í, sem gerir oft og tíðum enn meiri kröfur til þeirra sem lögreglumanna og einstaklinga. Á fámennari stöðum er vel fylgst með því sem lögreglumaðurinn gerir í og utan vinnu,

þ.e. hann fellur ekki inn í fjöldann þegar hann er í vaktarfrí.

### Eftir hverju vinnum við?

Nefna má ungan lögreglumann sem sagði mér að yfirmenn hans spyrðu ekki að því hvað hann væri að gera á vaktinni heldur hvað hann hefði skrifað margar skýrslur. Yfirmenn spyrðu ekki um hve mörg innbrot væri búíð að fyrirbyggja, eða hvernig vinnulag lögreglumenn iðkuðu hvað varðar þjófnaði, eignaspjöll eða jafnvel brot á útivistartíma barna. Lögreglumönnum væri hampað fyrir það eitt að hafa skrifað sem flestar skýrslur – hvað getur ungur metnaðarfullur lögreglumaður þá gert? En það er hægt að setja starfsþætti eins og eftirlit, samtöl við íbúa, markvisst eftirlit og annað sem er fyrirbyggjandi upp í verkefni og gera vinnuna þannig sýnilega.

Hverfislöggæslan hefur verið í þróun í nokkurn tíma innan lögreglunnar í allflestum Evrópulöndunum og hefur þróast misjafnlega hratt í hverju landi fyrir sig. Hér heima á Íslandi er kominn tími til að setja niður á blað hvað hefur gefist vel, bæði hjá okkur og í öðrum löndum og spyrja um framtíðarstefnu. Flest löndin hafa gert það sem við hjá embætti ríkislögreglustjóra erum að gera þessa dagana, þ.e. að móta stefnu og aðgerðaráætlun um fyrirbyggjandi vinnu og verkefnamiðaða vinnu (POP). Þannig að flest löndin eru komin lengra á veg en við, en þó ekki öll því löndin gera þetta nokkuð misjafnlega. Einnig er uppbygging lögreglunnar ólík í hverju landi fyrir sig, í sumum löndum er lögreglunni t.d. skipt upp í þjónustudeild og útkallsdeild. Á Íslandi er lögreglan svo fámenn að ekki er hægt að skipta henni mikið upp. Lögreglan vinnur öll að sama markmiðinu en hlutverkin eru þó sem betur fer ólík, því ekki væri gott ef allir lögreglumenn væru að vasast í því sama. Verkefnið kalla á ólíka úrvinnslu – hvað er það sem gengur upp og er farsælast fyrir samfélagið og þá lögregluna? Við þurfum að vinna markvisst, afla upplýsinga og efla samvinnu – ríki og sveitarfélög þurfa að ræða betur saman um öryggi borgaranna, móta markvissa stefnu og vinna að

forvörnum. Menn þurfa að vera tilbúnir að læra af reynslunni og byggja upp þekkingu með tölulegum gögnum og rannsóknunum. Lögreglan þarf að hafa á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki með ólíkan bakgrunn og víðtæka reynslu. Lögreglan er og á að vera þverskurður af samfélaginu og órjúfanlegur hluti þess.

### Lögreglan leitast við að byggja upp öruggara samfélag...

Það þarf að leita svara við því hverjir séu brýnustu þættirnir hvað varðar öryggi í sveitarfélögum. Hvernig vinnur fólk saman? Hvert er hlutverk hvers og eins? Hverjir eru lykilþættirnir í árangursríkri hverfislöggæslu? Þá þarf að hafa í huga þætti eins og menningu í sveitarfélaginu: hver er menningin, hvernig er fólkið sem býr í samfélaginu, hver er sagan, hvernig er pólitíkin, hvernig er samsetning íbúanna, hver eru vandamálin eða verkefni sem upp koma, hver er þjónustan, hver er viljinn, hvert er menntunarstig-ið? Einnig þarf að hafa aðra þætti inni í myndinni, eins og lögreglumennina sjálfa og ýmislegt annað. Lögreglan leitast við að byggja upp öruggara samfélag í samvinnu við íbúana og í takt við menninguna og aðstæður á hverjum stað fyrir sig. Hér áður gat lögreglan haldið uppi öryggi og eftirliti sjálf, þ.e. upplýst afbrotin og sinnt eftirlitinu. Tímarnir hafa breyst, afbrotin og aðferðirnar eru flóknari og tæknivæddari, þ.e. fólk fremur glæpi milli landa, það spyr ekki um tíma, stað eða umfang – fólk tengist og hefur samskipti á milli landa á Netinu og því þarf náið samstarf milli lögreglu og almennings í baráttunni fyrir bættu öryggi. Lögreglan öll þarf að láta í sér heyra og hún þarf að bera ábyrgð innan samfélagsins, þau svör sem hún veitir þurfa að byggjast á áþreifanlegum staðreyndum. Mikil vinna sem lögreglan sinnir er hvergi skráð í gagnagrunn og því erfitt að mæla árangurinn, skoða þróun mála eða vinna að umbótum. Ekki hefur heyrst nægilega mikið frá hverfislögreglumönnum um störf þeirra og enn eru til lögreglumenn sem vita lítið um hvað hverfislöggæsla snýst.

Starfsmenn lögreglunnar ættu að gefa kenningum afbrotafræðinnar meiri gaum og reyna að til-einka sér þær og hafa reyndar í auknum mæli verið að því. Sem betur fer eru starfsmenn lögreglu ólíkir og sem betur fer eru áhuga-svið og starfsaðferðir á ýmsa vegu. Þó þurfa allir lögreglumenn að temja sér virðingu fyrir öðrum og vinnu annarra og vera reiðubúnir til aðstoðar eftir því sem þarf. Ekkert starf er „beta“ en annað, öll vinnum við lögreglustörf og eigum því að fagna þeirri þróun sem verður innan lögreglunnar.

Lögreglan er stofnun með ákveðinn lagalegan bakgrunn, vinnur eftir ákveðinni fyrirmynd og hefur ákveðnu hlutverki að gegna í samfélaginu. Hún markar sér stefnu í ýmsum daglegum verkefnum og á sér ákveðna framtíðarsýn. Það er nauðsynlegt að gefa gaum að fortíðinni þegar stefna framtíðarinnar er mótuð. Það er hlutverk lögreglunnar að halda uppi lögum og allsherjar-reglu, stemma stigu við afbrotum og upplýsa um afbrot sem framin hafa verið svo og að greiða götu almennings eftir því sem við á. Meginstefna íslensku lögreglunnar er að tryggja örugga og góða þjónustu við borgara landsins og stjórnmönd, gæta hagræmni og fylgjast með nýjungum en sýna þó stöðugleika og festu.

## SARA

Algeng aðferð til lausnar vandamála/verkefna er SARA (Scanning, Analysis, Response and Assessment). Lögreglumenn kanna vandamálið, greina það, koma með tillögur um viðbrögð og leggja mat á vandamálið/verkefnið eða öllu heldur lausnina.

## Skráning og mat á árangri

Verkefnamiðuð löggæsla gefur lögreglunni raunverulegt tækifæri til þess að mæla árangur starfa sinna. Raunverulegur árangur er ekki auðmældur við útkallsmiðaða löggæslu, þegar brugðist er við brotum og öðrum tilvikum eftir því sem tilkynningar berast. Öðru máli gegnir um verkefnamiðaða löggæslu, þegar unnið er markvisst að viðfangsefnum sem lúta að rötum ákveðins vanda eða aðstæðum í samfélaginu. Þegar búið

er að greina viðfangsefnið og gera áætlun um úrlausn verður um leið til mælikvarði á árangurinn. Þannig getur lögreglan sýnt samfélaginu og hagsmunaaðilum fram á gæði þeirrar þjónustu sem hún veitir en um leið verður lögreglustarfið fyllra og ánægjulegra fyrir þá sem því sinna. Lögreglumenn einbeita sér þá að því að leysa ákveðin fyrirbyggjandi verkefni í stað þess að fást eingöngu við afleiðingar afbrota.

## Afbrotavarnaráð

Afbrotavarnaráð eru á öllum Norðurlöndunum nema Íslandi. Ráðin hittast einu sinni á ári og hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið sent fulltrúa fyrir Íslands hönd á fundina. Lengi vel var þar fulltrúi frá lögreglunni í Reykjavík, en nýlega var ákveðið að embætti ríkislögreglustjóra tæki það starf yfir þar sem embættið kemur að hagræðingu, samræmingu og framþróun í almennri forvarna- og fræðsluvinnu lögreglunnar í landinu. Lögreglan hefur fengið að notast við hugmyndir frá Norðurlöndunum og stundum fengið að þýða texta og aðra vinnu frá þeim. Gott dæmi um samvinnu landa í þessum málum er verkefni sem heitir Öruggt spjall þar sem höfðað var til ungs fólks sem notar Netið.

Lögreglan í Reykjavík fékk leyfi til að þýða og færa verkefnið að íslenskum aðstæðum. Annað gott dæmi hvað varðar samvinnu Norðurlandanna er fræðsluefni lögreglunnar sem ríkislögreglustjóri og Námsgagnastofnun gáfu út. Efnið var lítillaga staðfært og lagað að íslenskum aðstæðum. Einnig má nefna Lúlla löggubangsa (barnabangsi klæddur í lögregluföt) sem mörg lögregluembætti hafa í fórum sínum til þess að fara með í heimsókn í leikskólana en sú hugmynd kemur upphaflega frá Norðmönnum. Mikið hefur verið horft til Norðurlandanna varðandi ýmislegt innan lögreglunnar. Danmörk var heim sótt þegar hverfisstöðvarnar voru settar á laggirnar á sínum tíma og vinna hverfislögreglumannanna fór í gang.

Þótt ekkert afbrotavarnaráð sé á Íslandi er ýmislegt í deigluinni og menn víða að stilla saman strengi í forvörnum. Efling forvarna ríkis og sveitarfélaga er á teiknaborðinu, það hefur fæst í vöxt að rannsóknir séu samnýttar og ýmsar breytingar hafa verið gerðar á því sviði sem efla og styrkja störf lögreglunnar.

*Höfundur er lögreglufulltrúi hjá Ríkislögreglustjóra.*

## Líknar og hjálparsjóður

**M**inningarsjóður Líknar- og hjálparsjóðs hefur verið starfandi frá árinu 1997. Í upphafi voru hönnuð falleg minningarkort sem lögreglumenn og ýmsir aðrir hafa kosið að senda ástvinum á sorgarstundu og látið um leið Líknar- og hjálparsjóð njóta smá fjárframlags.

Skrifstofa LL sér um að skrá nöfn látinna og minningargjafir í þar til gerða bók og senda síðan minningarkortin til aðstandenda.

Fjáröflunarleiðir Líknar og hjálparsjóðs hafa frá upphafi verið með þeim hætti að sjóðurinn nýtur árlega ákveðins framlags frá félagssjóði LL en síðan hefur sjóðurinn verið með sölu jólakorta og merkja. Um árabíl hafa verið framleidd buningamerki þ.e. lögreglumenn í lögreglubúningum sem með sanni má segja hefur mælst nokkuð vel fyrir þar sem allar tegundirnar eru uppseldar nema síðasta merkið sem var gefið út í tilefni 200 ára afmælis lögreglunnar og er ennþá hægt að fá þau. Verð á merkjunum er kr. 500.

Félagssjóður LL keypti nokkurt magn af bindisnælum og ermahnöppum með afmælismarkinu, bífapressum og afmælispöngum sem voru framleidd fyrir afmælisárið. Allar tekjur af sölu þessara muna renna beint til Líknar- og hjálparsjóðs. Askjan með afmælispöngunum er seld á kr. 1.500, bindisnælan og ermahnapparnir kr. 1.000 og bréfapressan kr. 500.

# Sumarferð lífeyris- þegadeildar LL

**H**in árlega sumarferð lífeyrisþegadeildar LL var farin 1. júlí s.l. og var nú haldið vestur á Snæfellsnes og í Dalina.

Þátttakan nú sló fyrri met því í þetta skipti voru það 78 hressir ferðalangar sem lögðu af stað frá lögreglustöðinni við Hverfisgötu á tveim góðum bílum frá Hópferðamiðstöðinni. leiðin lá í byrjun um hina

nýju vatnaleið vestur í Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi og var þar gerður góður stans. Þar tók á móti okkur Hildibrandur Bjarnason og hans fólk með glimrandi frásögn um staðinn og kirkjuna sem á sérstaka sögu og sýndi okkur altaristöfluna sem er mjög merkileg.

Síðan var hákarlasafnið skoðað og fékk fólk að smakka harðfisk og hákarl ásamt brennivínsstapi sem féll í góðan jarðveg. Þetta er tvímælalaust staður sem

hægt er að mæla með sem viðkomustað þegar fólk er að ferðast á þessum slóðum. Á Hótel Stykkishólmi var síðan snæddur léttur hádegisverður, súpa og brauð og heilsaði Ólafur Guðmundsson yfirlög-regluþjónn í Hólminum upp á hópinn. Áætlað



Í kirkjunni í Bjarnarhöfn.



Spáð í hákarlinn Páll Eiríksson og Svafriður Gísladóttir kona hans.

hafði verið að koma við á lögreglustöðinni en tíminn hafði hlaupið frá okkur svo viðdvölin í Stykkishólmi varð styttri. Því næst var haldið að Eiríksstöðum í Haukadal. Þar hafa Dalamenn byggt upp miðaldabæ, sem gjarnan er nefndur tilgátubær, sem talið er að Eiríkur Rauði hafi búið. Þar var boðið upp á sögulega frásögn og í húsínu var gefið að smakka flatbrauð og



Gunnar Jónsson að spjalli í rútunni.

h r á t t hangikjöt eins og ætlað er að tíðkast hafi á fyrri öldum og síðan gafst tími til að njóta góða veðursins sem sveik okkur ekki frekar en í fyrri ferðum deildarinnar. Áfram var haldið og ekið um Bröttubrekku eftir nýja veginum sem er mikil samgöngubót og stefnan tekin að veitingastaðnum Skessubrunni að Tungu í Svínadal en þar var snæddur ljúffengur kvöldverður í mjög skemmtilegu umhverfi. Er mjög athyglisvert hvernig búið er að útfæra þennan stað, húsbúnaður allur út-



Málin rædd, Gísli Guðmundsson og Axel Kvaran



Hildibrandur Bjarnason og Guðmundur Hartmannson.



Gunnar Jónsson, Magnús Einarsson og Þórunn Lárusdóttir við Eiríksstaði.





Hópurinn saman kominn.



Kvöldverður snæddur í Skessubrunni.

skorinn og er hesturinn greinilega í hávegum hafður. Þjónustustúlkurnar allar uppfærðar í íslenska þjóðbúninga sem gerði þetta allt mjög skemmtilegt.

Eins og áður voru Tómas Einarsson og Þórunn Lárusdóttir fararstjórar og brást þeim ekki bogalistin og

gerðu ferðina alla innihaldsríkari og skemmtilegri ásamt formanni ferðarnefndar, Gunnari Jónssyni, sem kann svo sannarlega að halda uppi léttum anda í hópnum. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

SV

## Ályktanir XXVI þings LL

Fulltrúar á XXVI. þingi Landssambands lögreglumanna (LL) mótmæla harðlega fyrirhuguðum breytingum á þeim ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er snúa sérstaklega að lögreglumönnum, sem eru embættismenn samkvæmt skilgreiningu laganna. Þingfulltrúar á þingi LL taka heilshugar undir þær athugasemdir sem LL hefur sett fram í umsögn sinni til Alþingis varðandi breytingarnar.

Samþykkt samhljóða af öllum þingfulltrúum XXVI. þings LL.

Aðrar ályktanir XXVI. þings LL

### Efling löggæslu:

XXVI. þing LL fagnar eflingu lögreglu á höfuðborgarsvæði með stækkun sérsveitar RLS og viðbót við vaktgöngulið lögreglu í Reykjavík og minnir jafnframt á að þrátt fyrir að við búum í friðsælu landi hafa viðsjár erlendis aukist mjög og óverjandi væri að lögregla brygðist ekki við því á ábyrgan hátt. Vonar þingið að ekki verði hér látið staðar numið við uppbyggingu löggæslu heldur áhersla lögð á eflingu lögreglu á landinu öllu

### Menntun lögreglumanna:

XXVI. þing LL fagnar þeim framfaraskrefum sem stigin hafa verið varðandi menntun yfirmanna í lögreglu og hugmyndum um eflingu grunnnáms í LSR. Einnig hvetur þingið yfirvöld lögreglumála til að vinna að frekari eflingu á menntun lögreglumanna á öllum starfsstigum

### Jafnræði lögreglumanna:

XXVI. þing LL lýsir yfir áhyggjum sínum yfir að lögreglumenn af landsbyggðinni hafi ekki sama aðgengi á framhaldsmenntun í LSR og lögreglumenn á

suðvesturhorni landsins. Dæmi eru um að lögreglumenn hafi ekki komist á nauðsynleg námskeið vegna fjárskorts sinna embætta.

Þingið gerir kröfu til dómsmálaráðherra að hann sjái til þess að fyllsta jafnræðis sé gætt á milli embætta að þessu leyti. Fjárskortur einstakra lögregluembætta má ekki verða til þess að koma í veg fyrir nauðsynlega þekkingaruppbyggingu lögreglumanna af landsbyggðinni.

### Staða rannsóknadeilda lögreglu:

XXVI. þing LL lýsir yfir áhyggjum sínum vegna vinnuálags rannsóknadeilda lögreglu, þar sem sífellt fleiri mál bíða rannsókna og sá tími sem er ætlaður til vinnslu mála hefur verið skertur. Þingið beinir því til lögregluyfirvalda að kanna hvort ekki sé hægt með einhverjum hætti að draga úr þessu álagi.

### Lagabreytingar:

XXVI. þing LL lýsir ánægju sinni vegna frumvarps sem dómsmálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi til breytinga á lögum nr. 19/1991 lögum um meðferð opinberra mála. Þá er sérstaklega gleðilegt að tillit skyldi hafa verið tekið til hugmynda lögreglumanna um vitnaleynd. Jafnframt styður þingið þær breytingar sem snúa að bættum rannsóknarúrræðum lögreglu enda nauðsynlegt að slík úrræði séu ávallt í takt við almenna þróun í þjóðfélaginu.

Ályktanirnar voru sendar:

Dómsmálaráðuneytinu  
Allsherjarnefnd Alþingis  
Fjármálaráðherra  
Skólastjóra Lögregluskólans  
Alþingismanna

Guðmundur Fylkisson

# Barnshafandi lögreglukonur

**G**erð var könnun hjá nokkrum lögregluembættum hvernig væri búíð að barnshafandi lögreglukonum.

Síðustu 3 ár hafa 11 konur orðið barnshafandi hjá lögreglunni í Reykjavík, 1 í Hafnarfirði og á Ísafirði og 3 í Kópavogi og engin á Akureyri.

Varðandi breytingu á vinnutíma þá svöruðu þessi embætti þeirri spurningu eftirfarandi.

**Reykjavík:** Hvað við getum boðið barnshafandi konum. Þær sem eru á vöktum hjá okkur fara fljótlega í sértæk dagvinnuverkefni hjá almennu deild eða við lánnum þær frá okkur í rannsóknardeild. Þær hafa nokkuð um þetta að segja sjálfar en flestar biðja um breytt starfsumhverfi fljótlega eftir þungun.

**Hafnarfjörður:** Á fimmta mánuði kom fram beiðni hjá konunni að fara út af vöktum og var það eftir að læknisskoðun. Eftir það vann hún í móttöku og við símsvörum - virka daga frá kl. 08:00 - 16:00. Á sjötta mánuði fór hún yfir í 50% vinnu virka daga.

**Ísafjörður:** Strax og beiðni barst frá henni um að fá að hætta á vöktum og í aukavinnu var orðið við þeim óskum hennar. Hún gengur dagvaktir og sinnir rannsóknarstörfum, þó einungis yfirheyrslum í minni háttar málum og frágangi mála. Vinnuumhverfið er það sama og rannsóknarlögreglumenn vinna við, á einkaskrifstofu. Reyndar eru herbergi ekki á lausu við embættið þannig að viðkomandi þarf að færa sig um set eftir viðveru annarra. Allt er gert til að breytingin sé sem minnst fyrir þá barnshafandi, en samt þeir annmarkar að ekki er fjárhagslega hægt að bæta við herbergi eða búa til stöðu fyrir hana. Um leið og hún var færð af vöktunum, var einni stöðunni á annarri vaktinni lagt.

Þ.e. að aðeins tveir menn manna vaktina í stað þriggja. Engin sérstök greiðsla kemur frá ríkissjóði fyrir þessum fjárútlátum. Þá er annað að stóru embættin færa sínar barnshafandi konur á dagvaktir, án þess að neinar breytingar verði á kjörum þeirra. Þær vinna dagvinnu 08:00 til 16:00, einhverja smá aukavinnu, en halda vaktaálagi sínu og meðaltalsaukavinnu. Til að mismuna ekki, varð embættið hér að bjóða upp á það sama. Þar með var fjárveiting til stöðunnar búin og afleysing útilokuð. Hins vegar er hægt að fullmanna vaktirnar um leið og sú barnshafandi fer í orlof sitt um miðjan nóvember.

**Kópavogur:** Dagvinnutími /skrifborðsstörf í sérverkefnadeild, sveigjanlegt eftir þörfum

Embættin voru einnig spurð um klæðnað barnshafandi lögreglukvenna en samkvæmt fatareglugerð gildir eftirfarandi:

13.8 Kvenlögregla. Kvenlögreglumenn sem verða barnshafandi skulu eiga þess kost að fá skokk og síðar buxur sér að kostnaðarlausu á meðgöngutímanum. Þessi úthlutun skal fara eftir mati viðkomandi lögreglustjóra.

**Reykjavík:** Varðandi klæðnað. Það hefur alla tíð verið þannig að þær velja hann sjálfar. Ef þær óska að þá höfum við keypt handa þeim klæðnað við hæfi eins og fram kemur í fatareglugerðinni.

**Ísafjörður:** Engin sérstök krafa er gerð um klæðnað og viðkomandi hefur fengið úthlutun samkvæmt hennar beiðni, einar buxur fyrir barnshafandi konur

**Kópavogur:** Civil-klæðnaður heimill er fá fataúthlutun sbr. reglugerð.

**Hafnarfjörður:** Ekki eru reglur um það hjá embættinu, en leitað var í smiðju annara embætta. Úthlutað var fatnaði skv., kjarasam-

ingi. Hún hefur gengið í einkennisfatnaði allan tímann.

Loks var spurt hvort þessar lögreglukonur hafi skilað sér aftur til starfa eftir fæðingarorlof.

**Reykjavík:** Flestar skila sér aftur til okkar og fara í sömu störf. Það er meira undantekning ef þær vilja fara í t.d. í dagvinnu eftir að þær koma aftur ef þær hafa verið í vaktavinnu fyrir þungun. Við bjóðum þeim hlutastarf og hefur það auðveldað þeim frekar að koma aftur á vaktirnar.

**Kópavogur:** Einungis reynt á þetta varðandi eina lögreglukonu, hún skilaði sér aftur í sama starf (skrifborðsstarf á dagvinnutíma). Önnur tveggja hinna er nýfarin í fæðingarorlof og hin rétt ófarin.

**Ísafjörður:** Konan enn við störf., þ.e. ekki farin í fæðingarorlof

**Hafnarfjörður:** Konan enn við störf, þ.e. ekki farin í fæðingarorlof.

Ein athugasemd kom með og læt ég hana fylgja. Hún er ekki lögð fram í hroka heldur sem góðlátleg ábending.

Mér þykir rétt að benda þér á við umfjöllun um þessi mál, að þær konur sem verða barnshafandi, eru ekki skilgreindar sem veikar. Síðan er það mín skoðun að ábyrgðin á ástandi þeirra er á engan hátt á ábyrgð vinnuveitanda, verkstjóra eða annarra samstarfsaðila. Þær eiga að hafa frumkvæði af allri breytingu sem þær vilja, þ.e. að óska eftir breytingum og það skriflega. Ég tel t.d. mig hafa allt aðrar skyldur við barnshafandi vinnufélaga en barnshafandi eiginkonu. Barnshafandi kona ber ábyrgð á ástandi sínu og vinnuveitandi á að taka fullt tillit til óska og þarfa hennar, en ekki frumkvæði.

## Tengslanet lögreglukvenna – Kríurnar

# Samantekt er varðar meðgöngu og fæðingarorlof

**T**engslunet lögreglukvenna - Kríurnar hafa verið að skoða lagagreinar og reglugerðir sem snerta meðgöngu og fæðingarorlof lögreglumanna. Lögreglustarfið er þess eðlis að því fylgja oft hættur og álag, oft meira en í öðrum störfum. Lögreglukonur búa við mismunandi vinnuástæður og margar þurfa tilflutning eða breytingu á tilhögun í starfi á meðgöngu. Samkvæmt 11. gr. laga um fæðingar og foreldraorlof opinberra starfsmanna þá á slík tilfærsla ekki að hafa áhrif á launakjör viðkomandi lögreglumans. Að mati okkar þá teljum við nauðsynlegt að lögregluembættin móti sér ákveðna stefnu hvernig slíkur tilflutningur og/eða tilhögun þarf að vera hverju sinni og þá líka hvenær og hvernig öryggi þeirra starfsmanna er sem best tryggt.

11. gr. Öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.

Ef öryggi og heilbrigði þungaðrar konu, konu sem hefur nýlega alið barn eða konu sem er með barn á brjósti er í hættu samkvæmt sérstöku mati skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi konunnar með því að breyta tímabundið vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma hennar. Ef því verður ekki við komið af tæknilegum eða öðrum gildum ástæðum skal vinnuveitandi fela konunni önnur verkefni en að öðrum kosti veita henni leyfi frá störfum í svo langan tíma sem nauðsynlegt er til að vernda öryggi hennar og heilbrigði. Um framkvæmd þessa ákvæðis skal fara eftir nánari reglum sem félagsmálaráðherra setur.

Þær breytingar, sem teljast nauðsynlegar á vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma konu, sbr. 1. mgr., skulu ekki hafa áhrif á launakjör hennar til lækunar eða önnur starfstengd réttindi.

Ef veita þarf þungaðri konu leyfi frá störfum samkvæmt ákvæði þessu á hún rétt á greiðslum, sbr. 13. gr.

13. gr. Réttur foreldra til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði.

... Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við 12 mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald.

15. gr. Umsókn til Tryggingastofnunar ríkisins.

Foreldri, sbr. 1. mgr. 1. gr., skal sækja um greiðslu í fæðingarorlofi til Tryggingastofnunar ríkisins sex vikum fyrir áætlaðan fæðingardag barns. Vilji kona hefja fæðingarorlof fyrir áætlaðan fæðingardag, sbr. 2. mgr. 8. gr., ber henni að tilkynna það Tryggingastofnun þremur vikum fyrir fyrirhugaðan upphafsdag fæðingarorlofs ...

30. gr. Vernd gegn uppsögnum.

Óheimilt er að segja starfsmanni upp störfum vegna þess að hann hefur tilkynnt um fyrirhugaða töku fæðingar- eða foreldraorlofs skv. 9. eða 26. gr. eða er í fæðingar- eða foreldraorlofi nema gildir ástæður séu fyrir hendi og skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja uppsögninni. Sama gildir um uppsagnir þungaðrar konu og konu sem nýlega hefur alið barn.

Athugasemd varðandi 9.gr. Laga um fæðingar- og foreldraorlof opinberra starfsmanna.

Ekki er nægilegt að tilkynna lögreglustjóra og tryggingastofnun með að barnsburðarleyfi sé hafið, einnig er auðsynlegt er að senda tilkynningu til launagreiðanda.

Reglugerð um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglunnar.

Samkvæmt reglugerðinni eiga kvenlögreglumenn sem verða bars-hafandi kost á að fá skokk og síðar buxur sér að kostnaðarlausu á meðgöngutímanum. En sú úthlutun skal þó fara eftir mati viðkomandi lögreglustjóra segir í reglugerðinni (13.8). Staðreyndin er sú að kvenlögreglumenn hafa ekki nýtt sér þennan kost, en fengið úthlutað öðrum fatnaði frá lögregluembættunum á meðgöngutímanum sér að kostnaðarlausu. En þessi úthlutun hefur þó verið háð velvilja yfirmanna hverju sinni. Í grein 5.10 í reglugerðinni er varðar annan fatnað segir að við sérstakar aðstæður getur lögreglustjóri látið lögreglumenn eftir þörfum.

Lögreglukonur í Tengslaneti lögreglukvenna telja mikilvægt að vel sé tekið á þessum málum hjá yfirmönnum bæði er varðar flutning og /eða tilhliðrun í starfi kvenlögreglumanna á meðgöngutíma. Gætt sé þess að þær verði ekki fyrir kjaraskerðingu þar sem launakjör á meðgöngutíma hefur einnig áhrif á launakjör í fæðingarorlofi.

*Tengslanet lögreglukvenna - Kríurnar*

Ath. Fleiri lagagreinar voru hér taldar upp en þær koma einnig fram í grein Ernu Guðmundsdóttur á bls. 11 í blaðinu. Ritstjóri.



# Lögreglan þvottaleiðbeiningar:

<b>Jakki 2:</b>	Tákn	Leiðbeiningar texti
	4	Hæsti leyfilegi hiti 30°C
		Lítið magn af þvotti í vél
		Normal skolun
		Lámarks vinda
	u	Þolir ekki straujun og pressun.
	s	Þolir ekki hreinsun
	r	Þolir ekki klór

<b>Jakki 3:</b>	Tákn	Leiðbeiningar texti
	4	Hæsti leyfilegi hiti 30°C
		Lítið magn af þvotti í vél
		Normal skolun
		Lámarks vinda
	D	Hengist upp til þurrkunnar
	u	Þolir ekki straujun og pressun.
	s	Þolir ekki hreinsun
r	Þolir ekki klór	

<b>Wind Pro peysa:</b>	Tákn	Leiðbeiningar texti
	6	Hæsti leyfilegi hiti 40°C
		Normal magn af þvotti í vél
		Normal skolun
		Normal vinda
	c	Þolir þurrkun í þurrkara við lámarks hita.
	u	Þolir ekki straujun og pressun.
	s	Þolir ekki hreinsun
r	Þolir ekki klór	

# Nafn: Sigurður Sigurbjörnson

Staða: Rannsóknarlögreglumaður

Lögregluembætti:

Reykjavík Ofbeldisbrotadeild

Lögreglumaður síðan 1999

**D**agur í vinnunni: Yfirleitt mæti ég í vinnuna klukkan 07:00 og tek léttu æfingu í nýja líkamsræktarsalnum okkar hérna á lög-reglustöðinni til að koma mér í gang, en komið hefur verið upp æfingaaðstöðu þar sem Almannaástandur ríkisins höfðu aðsetur áður. Langar mig að koma á framfæri þakklæti til þeirra sem komið hafa upp þessari líkamsræktaraðstöðu.

Vinnan hefst svo hjá mér kl.08:00 og fer ég þá að vinna í þeim ofbeldisbrotamálum sem á mig eru bókuð hverju sinni en yfirleitt eru um 15 til 20 mál bókuð á hvern og einn rannsóknarlögreglumann í deildinni. Eins og nafn deildarinnar ber með sér höfum við með þau mál að gera er varða brot gegn lífi og líkama. Þeir málaflokkar sem um ræðir eru meðal annars morð, minni og meiriháttar líkamsárásarmál, kynferðisbrot, hótanir, ærumeiðingar, brot gegn friðhelgi og þessháttar.

Í hverri viku tekur einn rannsóknarlögreglumaður að sér að sinna útköllum deildarinnar. Þegar upp koma t.d. andlát, sjálfsvíg eða kynferðisafbrot fer yfirleitt rannsóknarlögreglumaður frá okkur á vettvang. Í andlátsmálum er það m.a. verkefni rannsóknarlögreglumannsins að rannsaka hvort andlátíð hafi borið að með eðlilegum hætti. Einnig erum við til staðar fyrir aðstandendur hins látna og leiðbeinum þeim ef með þarf. Oft lendir maður líka í því að veita aðstandendum sálræna aðstoð.

Gera þarf rannsóknaráætlanir fyrir þau mál sem eru í rannsókn og síðan þarf að yfirheyra þá sem hlut eiga að máli. Þegar stærri mál koma upp í deildinni er eftir atvikum unnið í stærri hópum. Oft á tíðum þurfum við að fara út á land til þess að yfirheyra í málum og til eru dæmi þess að fara hefur þurft út fyrir landsteinana til að yfirheyra vitni og sakborninga.

Vinnudeginum hjá mér líkur síðan venjulega á bilinu 16:00 til 18:00. Þegar vinnudeginum líkur er maður búinn að skipuleggja verkefni næsta dags og jafnvel vikuna alla. Það má svo ekki láta hjá líða að



Sigurður Sigurbjörnsson.



Sigurður á vettvangi.

minnst á það sem mestu máli skiptir hvað varðar vinnu í deild sem þessari, en það eru vinnufélagarnir og sá góði starfsandi sem heldur manni við efnið. Í deildinni starfa nú 14 manns, þar af er einn lög-reglufulltrúi og ritari. Þessi mannskapur hefur mikið að gera þar sem málaflæðið inn í deildina er gríðarlegt.

*Framtíðarsýnin:* Hvað varðar vinnuna er framtíðarsýn mín sú að hér á stór Reykjavíkursvæðinu verði lögregluembættin á einhvern hátt sameinuð, eða löggæsla á þessu svæði verði betur samrýmd þannig að úr verði betri og öflugri löggæsla sem vonandi á eftir að leiða í för með sér færri afbrot og betri þjónustu við hinn almenna borgara. Hvað varðar lögreglu-embættin á landsbyggðinni sé ég fyrir mér aukna samvinnu á

milli smærri og stærri embættanna.

*Hlynntur eða andvígur sameiningu lögreglu-embættanna á þínu svæði:* Eins og fram hefur komið hjá mér er ég hlynntur því. Ég hef þá trú að sameining eða samvinna myndi þýða mikla hagræðingu og allir myndu græða á því, ekki síst hinn almenni borgari.

*Kjarasamningarnir:* Ég ætla nú ekki djúpt í þau mál hér en við þá sem sjá um okkar samningagerð vil ég bara segja „Gangi ykkur vel“.

*Einkennisbúningurinn:* Ég er að mestu leiti sáttur við einkennisbúning okkar lögreglumanna. Það sem mér finnst vanta á íslenska lögreglubúninginn er einhverskonar alþjóðleg merking s.s. POLICE þannig að útlendingar geti meðal annars þekkt lög-regluna frá t.d. öryggisvörðum. Og kem ég þá að þeirri skoðun minni að mér finnst búningar öryggisvarða hér á landi í sumum tilfellum allt of líkir búningum lögreglunnar og þar með tel ég að um reglugerðarbrot sé að ræða en í 5.gr laga um öryggisþjónustu segir m.a. „Skal þess gætt að einkennis-klæðnaði svipi ekki til einkennisbúnings lögreglumanna“. Eftir þessu finnst mér ekki vera farið.

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi:

## BORGARNES

Bílasala Vesturlands sf., Höfðaholti 4  
Borgarbyggð, Borgarbraut 11  
JG vélar sf., Kveldúlfsgötu 18  
Loftorka Borgarnesi ehf., Engjaási 2-8  
Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar ehf., Borgarbraut 61  
Shellstöðin Borgarnesi, Brúartorgi 6  
Sparisjóður Mýrasýslu, Borgarbraut 14

## STYKKISHÓLMUR

Áskliif ehf., Hjallatanda 6

## HELLISSANDUR

Hraðfrystihús Hellissands hf., Hafnarbakka 1  
Skarðsvík hf., Munaðarhóli 10

## BÚÐARDALUR

Mjólkursamlagið Búðardal, Brekkuhvammí 15  
Sýslumaðurinn í Búðardal, Miðbraut 11

## ÍSAFJÖRÐUR

Brattur ehf., Góuholti 8  
Ferðaþjónusta Margrétar og Guðna ehf.,  
Mánagötu 1  
Kubbur ehf., Grænagarði  
Pizza 67 Ísafirði, Hafnarstræti 12  
Torfnæs ehf. - Ísafirði, Urðarvegi 24

## BOLUNGARVÍK

Sparisjóður Bolungarvíkur, Aðalstræti 14  
Sýslumaðurinn í Bolungarvík, Aðalstræti 12

## SÚÐAVÍK

Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 1-3

## PATREKSFJÖRÐUR

Oddi hf., Eyrargötu 1

## TÁLKNAFJÖRÐUR

Bókhaldsstofan Tálknafirði, Strandgötu 40  
Porbjörn tálkni ehf., Eyrarhúsum  
Þórsberg ehf., Pósthólf 90

## PINGEYRI

Norðurborg, Hafnarstræti 23

## HÓLMAVÍK

Sýslumaðurinn á Hólmavík, Hafnarbraut 25

## HVAMMSTANGI

Bílagarði ehf., Eyrarlandi 1

## BLÖNDUÓS

Lögmannsstofa Stefáns Ólafs ehf., Húnabraut 19  
Sýslumaðurinn á Blönduósi, Hnjúkabyggð 33

## SAUÐÁRKRÓKUR

Bífræðaverkstæði Kaupfélags Skagfirðinga, Freyjugötu 9  
Hesturinn, Sæmundargötu 3  
Héraðsdómur Norðurlands vestra, Skagfirðingabraut 21  
S.E. verktakar, Fornási 10  
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, Suðurgötu 1

## HOFÓS

Bergeyjan ehf., Kirkjugötu 9  
Fljót,

## SIGLUFJÖRÐUR

Byggingafélagið Berg ehf., Norðurgötu 16  
Jóhannes Egilsson, Gránugötu 27  
Þormóður Eyjólfsson hf., Aðalgötu 15

## AKUREYRI

Arnarfell ehf. verktakar, Sjafnarnesi 2-4  
Ásbyrgi - Flóra ehf., Frostagötu 2a  
Bláa Kannan, Hafnarstræti 96  
Blikk og tækniþjónustan hf., Kaldbaksgötu 2  
Kaldbakur ehf., Hafnarstræti 91  
Lögmannsstofa Hreins Pálssonar, Gránufélagsgötu 4  
Lögmannsstofan ehf., Strandgötu 29  
Plastás hf., Óseyri 4  
Raf, Kaupangi/Mýrarvegi  
Raftákn ehf., Glerárgötu 34  
Straumurás hf., Furuvöllum 3  
Sýslumaðurinn á Akureyri, Hafnarstræti 107

Vaxtaræktin ehf -Íþóttahöllinni, v/ Skólastíg  
Vélsmiðjan Ásverk ehf., Gránufélagsgötu 47

## GRENÍVÍK

Hlaðir hf., Melgötu 6

## DALVÍK

Steypustöðin Dalvík ehf., Sunnubraut 11  
Sæplast Dalvík ehf., Gunnarsbraut 12

## ÓLAFSFJÖRÐUR

Sýslumaðurinn á Ólafsfirði, Ólafsvægi 3

## HÚSAVÍK

Eðalbrauð - Heimabakarí, Garðarsbraut 15  
Sýslumaðurinn á Húsavík, Útgarði 1  
Véla- og verkstæði Árteigi, Árteigur Ljósavatnshreppur  
Víkurrat ehf., Héðinsbraut 4

## KÓPASKER

Öxarfjarðarhreppur, Bakkagötu 10

## EGILSSTAÐIR

Bíla- og verkstæði Borgþórs ehf., Miðási 2  
Hagverk ehf., Bjarkargrund 1  
Valkyrjur ehf., Lyngási 5-7

## SEYÐISFJÖRÐUR

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, Bjólfsgötu 7

## REYÐARFJÖRÐUR

Kjötkaup hf, Óseyri 1

## ESKIFJÖRÐUR

Lögmannsstofa Gísla M. Auðbergssonar, Strandgötu 53

## NESKAUPSTAÐUR

Haki hf., Þiljuvöllum 10

## HÖFN

Mikael ehf., Norðurbraut 7  
Skeggy ehf., Miðósi 17

Sveitarfélagið Hornafjörður, Hafnarbraut 27  
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði, Hafnarbraut 36

## SELFOS

Borgarhús hf., Minni-Borg, Grímsnesi  
Bókaútgáfan Björk, Birkivöllum 30  
Byggingafélagið Laski ehf., Bakkaþjörn 7  
Byggingarfélagið Árborg ehf., Bankavegi 5  
Fasteignasalan Bakki ehf., Austurvegi 22  
Litla kaffistofan ehf, Svínahrauni,  
Málflutningsskrifstofan, Austurvegi 6  
Meindýravarnir Suðurlands ehf., Gagnheiði 59  
S.G. hús hf., Austurvegi 69  
Sorphirðan ehf., Dælagi 8  
Vöruflutningar Magnúsar G. Öfjörð, Heimahaga 3

## HVERAGERÐI

Heilsustofnun N.L.F.Í., Grænumörk 10  
J.S.K. bifreiðaverkstæði ehf., Austurmörk 16c

## ÞORLÁKSHÖFN

Fiskmark ehf., Hafnarskeiði 21  
Frostfiskur ehf., Hafnarskeiði 6  
Hnotskurn ehf., Óseyrarbraut 22  
Humarvinnslan hf., Unubakka 42-44

## FLÚÐIR

Áhaldahúsið Steðji, Smiðjustíg 2  
Flúðaleið ehf., Vesturbrún 15

## HVOLSVÖLLUR

Jón og Trygvi hf., Ormsvöllum 3

## VESTMANNAEYJAR

Bíla- og verkstæði Sigurjóns, Flötum 20  
Frár ehf., Hásteinsvegi 49  
Ísbúðin Kringlunni, Kringlunni 4-12  
Lögmennt Vestmannaeyjum ehf., Strandvegi 48  
Ólíufélagið hf. Vestmannaeyjum, Básaskersbrýggju 6  
Ós ehf., Illugagötu 44  
Skýlið ehf., Friðarhöfn  
Útgerðarfélagið Glófaxi ehf., Illugagötu 36  
Vöruval ehf., Vesturvegi 18





# Íþróttasamband lögreglumanna



## Landsmót lögreglumanna í skotfimi 2004

Landsmót ÍSL í skotfimi 2004 var haldið dagana 12 - 15 maí. Að þessu sinni voru það lögreglumenn á Akranesi sem héldu utan um mótshaldið.

Keppt var í fjórum greinum eins og áður þ.e. olympískri loftskammbýssu, staðlaðri skammbýssu og opnum flokki ( center fire / sport pistol ) sem eru alþjóðlegar greinar og svo að lokum fór fram hin sívinsæla Glock keppni.

Þátttakan var nokkuð góð í mótinu þó vissulega væri gaman að sjá fleiri lögreglumenn snúa sér fyrir alvöru að skotfimi sem keppnisgrein. Flestir tóku að vanda þátt í Glock keppninni en þar mættu 20 til keppni, nokkru færri en höfðu skráð sig. Vill sá er þetta ritar nota tækifærið til að biðja lögreglumenn um að skrá sig ekki til keppni nema þeir ætli sér að keppa eða a.m.k. sýna þá lágmarkskurteisi að afboða sig um leið og ljóst er að þeir ætla ekki að mæta. Mótahald sem þetta tekur tíma og að þessu sinni hefði verið hægt að ljúka keppni í tveimur keppnum mun fyrr ef ljóst hefði verið hverjir af þeim sem skráðu sig ætluðu að mæta.

### Loftskammbýssa

Keppni í Loftskammbýssu fór fram í nýrri og glæsilegri aðstöðu Skotfélags Reykjavíkur í Egilshöll. Þar var auk hinnar eiginlegu loftbýssukeppni einnig keppt um titilinn „efnilegasta skyttan“. Þátttökurétt í þeirri keppni hafa einungis þeir sem hafa aldrei náð árangri yfir 500 stigum í mótí og var keppt um bikar sem finnst var af Lögreglufélagi Akraness.

#### Úrslit urðu sem hér segir:

1. sæti. Jónas Hafsteinsson, Kópavogi 545 stig
2. sæti. Sigurgeir Arnþórsson, Ríkisl.stjóra 538 stig
3. sæti. Jón S. Ólason, Akranesi 522 stig

Keppnina um titilinn „efnilegasta skyttan“ vann Guðbrandur Reynisson úr Borgarnesi með 471 stigi. Guðbrandur var þarna að keppa í fyrsta sinn í loftskammbýssu og verður árangur hans að teljast afar góður og líklegt að hann eigi eftir að ná góðum árangri í greininni.

Guðmundur Fylkisson hafnaði í öðru sæti og tók ósigrinum illa. Hann kom til keppni með tvö markmið þ.e. að vera undir 500 stigum til að tryggja áramhaldandi þátttökurétt og yfir Guðbrandi til að fá titilinn. Hann náði fyrra markmiðinu og verður áfram talinn efnilegur skv. reglunum.

Einungis ein sveit var tilkynnt til keppni og var hún skipuð þeim þrem sem lentu í verðlaunasætunum. Ekki er að því að spyrja að þeir unnu sveitakeppnina með 1605 stigum.

Keppt var í Glock, Staðlaðri skammbýssu og Opnum flokki í aðstöðu Skotfélags Kópavogs í Digranesi.

### Stöðluð skammbýssa:

Einungis helmingur þeirra sem höfðu skráð sig til keppni mættu til keppni og vakti athygli að engin kona keppti að þessu sinni.

#### Úrslit:

1. sæti. Jónas Hafsteinsson, Kópavogi 518 stig
  2. sæti. Sigurgeir Arnþórsson, Ríkisl.stjóra 505 stig
  3. sæti. Jóhann Eyvindsson, Kópavogi 434 stig
- Engin sveit var skráð til keppni

### Opinn flokkur:

#### Karlar

1. sæti. Jónas Hafsteinsson, Kópavogi 545 stig
2. sæti. Sigurgeir Arnþórsson, Ríkisl.stjóra 526 stig
3. sæti. Jón S. Ólason, Akranesi 503 stig

#### Konur

- Bjarney Annelsdóttir, Hafnarfirði 127 stig

Sveitakeppni.

#### 1. sæti Blönduð sveit

- Jónas Hafsteinsson  
Jón S. Ólason  
Sigurgeir Arnþórsson 1574 stig

#### 2. sæti Akureyri

- Jón Valdemarsson  
Bergur Jónsson  
Ólafur T. Ólafsson 1227 stig

#### 3. sæti Borgarnes

- Ómar Jónsson  
Guðbrandur Reynisson  
Kristján Ingi Hjörvarsson 961 stig

### Glock keppni

Í Glock keppninni var hart barist að vanda. Augljóst er að margir leggja mikinn metnað í keppnina. Árangur var að þessu sinni mjög góður og 15 af 20



# Íþróttasamband Lögreglumanna



keppendum náðu árangri yfir 200 stig og bar lítið á milli efstu manna.

### Úrslit:

1. sæti. Bergur Jónsson, Akureyri 241 stig
2. sæti. Sigurbergur Theodss., Keflav.flugv. 237 stig
3. sæti. Ólafur Örvar Ólafsson, Keflav.flugv. 235 stig

Í sveitakeppni kepptu 6 sveitir og var gaman að sjá hvað landsbyggðin mætti öflug til leiks. Sveitir kepptu frá Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Keflavíkurlflugvelli og úr Reykjavík. Tekist var á um efstu sætin en Akureyringar reyndust bestir þegar upp var staðið. Enginn munur var á stigum sveitanna tveggja af Keflavíkurlflugvelli en A- sveitin hreppti annað sætið þar sem liðsmenn hennar höfðu hitt x ( miðju skífunnar ) oftár.

Sveitakeppni.

#### 1. sæti. Akureyri

Bergur Jónsson  
Jón Valdemarsson  
Ólafur T. Ólafsson

693 stig

#### 2. sæti A-sveit Keflavíkurlflugvallar

Björn Sveinsson



Einar Ó. Karlsson  
Friðrik K. Jónsson

681 stig og 60 x

#### 3. sæti. B-sveit Keflavíkurlflugvallar

Sigurbergur Theodórsson  
Jóhannes S. Harðarson  
Ólafur Örvar Ólafsson

681 stig og 53 x

Að lokinni Glock keppninni var keppendum í öllum greinum boðið í Golfskálann á Akranesi þar sem íþróttanefnd lögreglufélags Akraness bauð til verðlaunaafhendingar og veislu.

Verðlaun voru óvenju vegleg að þessu sinni og fóru flestir þeir sem komust í verðlaunasæti heim hlaðnir gjöfum frá hinum ýmsu fyrirtækjum á Akranesi og Akraneskaupstað. Sýslumaðurinn á Akranesi studdi einnig vel við bakið á lögreglufélaginu vegna mótsins.

Er það von okkar í lögreglunni á Akranesi að vel hafi þótt takast til og að allir hafi farið ánægðir heim að móti loknu.

Íþróttanefnd LA sem sá um undirbúning mótsins skipa: Hannes Þór Guðmundsson, Pétur Steinar Jóhannesson og Jón S. Ólason.

Jón S. Ólason

## Mótalisti 2004

### Landsmót:

Öldungamót innanhússkn.

### Norðurlandamót:

Ratleikni

### Umsjón/mótsstaður

Suðurland

Finnland

### Dags.

október/nóvember

14. – 17. 09.

## 2005

### Landsmót:

Innanhússknattspyrna

Skotfimi

Golf

### Norðurlandamót:

Golf

Ríkislögreglustjórnin

Keflavíkurlflugvöllur

Vestmannaeyjar

Noregur

ágúst



# Íþróttasamband lögreglumanna



## Landsmót lögreglumanna í innanhússknattspyrnu Vestmannaeyjum 21. – 22. maí 2004

**H**elgina 21. – 22. maí s.l. var 29. landsmót lögreglumanna í innanhússknattspyrnu haldið í Vestmannaeyjum. Til leiks mættu 9 lið að heimaliðinu meðtöldu. Þau lið sem mættu voru eftirfarandi:

Akranes  
Hafnarfjörður  
Keflavík  
Kópavogur  
Reykjavík 1  
Reykjavík 2  
Ríkislögreglustjóri 1  
Ríkislögreglustjóri 2 (sérsvéitin)  
Vestmannaeyjar

Hófst leikar kl. 16:30 þann 21. og var greinilegt að liðin komu undirbúin til leiks. Telja menn að þarna hafi verið eitt af sterkari mótum sem haldið hefur verið í mótariðinni.

Það er skemmst frá því að segja að lið Ríkislögreglustjóra 1 stóð uppi sem sigurvegari eftir spennandi keppni við lið Akranes sem hafnaði í 2. sæti. Varði lið Ríkislögreglustjóra 1 þar með titillinn og vann mótið 2. árið í röð.

Urðu úrslit mótsins eftirfarandi:

1. Ríkislögreglustjóri 1
2. Akranes
3. Reykjavík 1
4. Keflavík
5. Hafnarfjörður
6. Vestmannaeyjar
7. Kópavogur
8. Reykjavík 2
9. Ríkislögreglustjóri 2

Er það eftirtektarvert að lið Ríkislögreglustjóra höfnuðu í efsta og neðsta sæti í mótinu en því miður höfum við ekki ennþá heyrt af því hvernig mórallinn er á göngunum þar í dag!

Besti leikmaður mótsins var valinn Sigurjón Jónsson, Akranesi. Besti varnarmaðurinn var kosinn Birgir Jónasson, Ríkislögreglustjóra 1. Markahæsti maður mótsins var Hjalti Pálmason, RLS 1, með 20 mörk. Næstur kom Sigurjón Jónsson, Akranesi, með 18 mörk.

Dómurum mótsins þótti einungis ástæða til að vísa einum leikmanni af velli í mótinu og hlýtur hann því titillinn grófasti leikmaðurinn. Er þarna um að ræða Guðjón Rúnar Sveinsson, Hafnarfirði. Þá koma loksins óvæntustu úrslit mótsins en það lið sem var valið þriðjasta liðið var lið Ríkislögreglustjóra 2, betur þekkt sem SÉRSVEITIN. Einhvern tímann hefði þetta þótt saga til næsta bæjar.

Að mótinu loknu var haldið veglegt lokahóf í Höllinni þar sem Grímur kokkur galdraði fram ljúffengt hlaðborð að hætti hússins. Að þessu sinni var Óskar Bjartmarz ekki á staðnum til að veita verðlaun og viðurkenningar svo hinn rögg sami mótsstjóri, Pétur Steingrímsson, tók það hlutverk að sér.

Það skal upplýst hér með að varðandi einn réttinn í hlaðborðinu, sem einhverjir úr Reykjavíkurliðinu héldu að væri rauðkál, var í raun um að ræða reyktan lunda skorinn í strimla.

Að loknu borðhaldi, verðlaunaafhendingu og skemmtiatriðum, sem mönnum líkaði misjafnlega vel, var haldið á Lundann þar sem mótið var klárað.

Vilja félagar í Íþróttadeild Lögglufélags Vestmannaeyja þakka kærlega þeim liðum sem sáu sér fært að mæta á þetta mót og gera það eins gott og raun bar vitni. Þá vilja mótshaldarar einnig færa þeim kærar þakkir sem þorðu að dæma í mótinu og svo þeim sem aðstoðuðu við það. Styrktaraðilar fá einnig kærar þakkir.

*Heiðar Hinriksson*

## Stuttfréttir

Stjórn ÍSL vill þakka Akurnesingum fyrir mótshald á landsmóti lögreglumanna í skotfimi, Vestmanneyingum fyrir mótshald á landsmóti lögreglumanna í innanhússknattspyrnu og Hafnarfirðingum fyrir mótshald á landsmóti lögreglumanna í golfi. Það var sammerkt með öllum þessum mótum hvað heimamenn lögðu sig fram við mótshaldið og kann stjórn ÍSL framkvæmdaðilum hinar bestu þakkar fyrir.





## Opna franska meistaramótið í golfi

Þegar undirritaður fékk það verkefni um mánaðarmótin apríl-maí sl. að undirbúa og skipuleggja ferð landsliðs lögreglunnar í golfi til Frakklands, er óhætt að segja að ekki hafi mikill tími verið til stefnu. Formlegt boð um að taka þátt í opna franska meistaramóti lögreglunnar hafði borist stjórn ÍSL nokkru áður en það var ekki fyrir en eftir að ný stjórn hafði verið kjörin að mér var falið það verkefni ásamt Óskari Halldórssyni fráfarandi stjórnarmanni í ÍSL að undirbúa úrtökumót hér heima og ferð liðsins til Frakklands. Boðið frá Frökkunum var á þá leið að við máttum senda 6 manna lið auk fararstjóra.



lögregluskólann var komið fóru liðsmennirnir í golf á golfvelli sem var rétt hjá lögregluskólanum á meðan fararstjórinn fór með frönsku vinum okkur til að ná í bílaleigubíl sem þeir höfðu séð um að panta fyrir okkur. Eftir nokkuð langt ferðalag og 18 holu hring var það hreint dásamlegt að sitjast niður á veitingastaðinn Krókódílinn. Fyrir okkur sem höfum komið á þessar slóðir áður og reyndar nokkrum sinnum er

það orðinn fastur punktur í tilverunni að fara og borða kvöldverð á Krókódílnum. Maturinn kostar alls 20 evrur og innfalið er forréttahlaðborð, aðalréttur af matsæðli, eftirréttahlaðborð og eins mikið af gosi, bjór, rauðvíni og rósavíni og þú getir í þig látið. Snilldarstaður! Megi Krókódílinn lengi lifa og helst af öllu teygja hramma sína einhvern daginn til Íslands.

### Lið ÍSL

Að loknum 2 úrtökumótum og vali á 6. manni var liðið skipað eftirtöldum aðilum: Sigurbjörn Þorgeirsson, Ólafsfirði, Óskar Halldórsson, Annel Þorkelsson og Hilmar Björgvinsson, Keflavíkurflugvelli, Hörður Sigurðsson og Sigurður Pétursson Reykjavík en Sigurður var valin í liðið, aðrir spiluðu sig inn í það. Undirritaður var svo fararstjóri í ferðinni.

### Gott er að kunna frönsku í Frakklandi

Ferðin hófst svo á Keflavíkurflugvelli föstudaginn 18. júní þaðan sem flogið var með Flugleiðum til Parísar í besta yfirlæti. Óhætt er hér að þakka sérstaklega fyrir góða þjónustu hjá félagi okkar í flugþjónustunni á Keflavíkurflugvelli sem bókaði okkur í fin sæti og veitti okkur einnig ýmislegt annað kruðerí sem gott er að hafa í bakhöndinni þegar ferðast er með þung golfsetti!

Þegar til Parísar kom tók á móti okkur Pascal nokkur Barthelemy og óhætt er að segja að enska hafi ekki verið hans sterkasta hlið! Ég held svei mér þá að hann hafi ekki talað eitt einasta orð í ensku! Auðvitað væri nú synd að segja að hann væri sá eini í Frakklandi sem svo er komið fyrir. Hann var samt mættur á flugvöllinn ásamt félagi sínum sem keyrði okkur að franska lögregluskólanum þar sem við ætluðum að gista frá föstudegi til þriðjudags.

### Allir elskuðum við Krókódílinn

Ekki var neinum tíma sóað þar sem fljótlega eftir að í

### Golfvöllurinn var ekki fyrir hjartveika!

Á laugardeginn var farið á golfvöllinn sem við áttum að keppa á og spiluðum við þann dag alls 27 holar. Völlurinn heitir St. Germain Les Corbeil og er kenndur við bæinn sem hann stendur við. Til að komast að vellinum þurfti fyrst að fara fram hjá verði einum, sem reyndar var kona ein brosmild og ljúf, sem opnaði hliðslá fyrir hverjum og einum bíl sem átti leið inn eða út úr hverfinu sem völlurinn var í. Brautirnar liggja innan um húsin í hverfinu og er stundum dálítill spotti á milli flata og teiga. Stundum lá leiðinn yfir göturnar í hverfinu og á nokkrum stöðum þurfti að fara í gegnum undirgöng. Því var völlurinn í reynd mun lengri í göngu en uppgöfing lengd hans er. Þrjár af okkur höfðum spilað þarna áður, undirritaður, Hörður og Óskar en við þrjár ásamt Rúnar Sigurðssyni úr lögreglunni í Reykjavík spiluðum þennan völl fyrir tveimur árum. Óhætt er að segja að völlurinn sé ekkert lamb að leika sér við. Hann er þar 70, ekkert sérstaklega langur, tæplega 5700 metrar af hvítum teigum en bókstaflega ekkert má út af bregða ef ekki á illa að fara. Völlurinn er mikill skógarvöllur með vatnstorfurum á alls 8 holum og auk þess eru vallarmörk (out of bounds) á héraum öllum holum þannig að það er eins gott að vera vel á boltanum. Hvorki er gott að kólhúkka eða helslæsa! Völlurinn byrjar á nokkuð saklausri þar þrjú holar sem er 137



# Íþróttasamband lögreglumanna



metra löng en síðan eru 5 aðrar par 3 holur og er sú stysta 160 metra löng og sú lengsta um 190 metrar og er óhætt að segja að allar spilst þær í fullri uppgefningu lengd. Auk þess er 15. holan sem er par 5 hola, 562 metrar og er sú mjög erfið, sérstaklega af teig. Þá má geta 12. og 13. holu sem eru báðar par 5 og eru þær sérlega glæsilegar, sérstaklega sú 13. sem státar af stórskemmtilegu eyjugríni. Það er í raun sama hvar gripið er niður, völlumurinn allur er stórglæsilegur, mikið augnayndi og að segja má verðugur andstæðingur.

## Gist var á góðu hóteli

Dagarnir fram að móti voru notaðir til æfinga á St. Germain vellinum og ákváðum við á sunnudeginum að færa okkur frá lögregluskólanum yfir á Etap hótelið þar sem við áttum pantaða gistingu frá og með þriðjudegi. Gerðum við þetta þar sem hótelið er staðsett alveg við golfvöllinn en lögregluskólinn er mun lengra í burtu. Óhætt er að mæla með þessu hóteli og þessum velli ef menn vilja fara í skemmtilega golfferð. Hótelið var ódýrt en mjög snyrtilegt og þægilegt og fór mjög vel um ferðalanga þar á meðan á ferðinni stóð. Voru allir ánægðir með að hafa flutt þangað búferlum en ekki er laust við að nokkur tár hafi fallið og menn fengið kökk í hálsinn við að kveðja Krókóðilinn sinn góða!

## Frakkinn í draumastarfinu

Dagarnir frá laugardegi og fram á keppnisdag á miðvikudegi liðu við spilamennsku á St. Germain vellinum og er ekki hægt að segja annað en að við höfum verið nokkuð heppnir með veður. Einhver rigning var en hún virtist vera ansi vel stillt inn á rástíma okkar Íslendinganna því að alltaf stytta upp, annað hvort um leið og við vorum að gera okkur



tilbúna til að spila eða þá eftir eina eða tvær holur. Flesta daga spiluðu menn bara á stuttbuxum og pólóbolum. Þriðjudagurinn 22. júní var opinber æfingadagur og hittum við þá í fyrsta skiptið í ferðinni vin okkar Eric Zancanaro sem sá að mestu um skipulagningu og framkvæmd á mótinu. Eric þessi er okkur sem höfum áður komið til Frakklands vel kunnugur en hann er auk þess að starfa fyrir franska íþróttasambandið, vera fastamaður í golflandsliði þeirra, óendanlega hjálpsamur og liðlegur við að greiða úr hvers konar vandamálum sem upp koma. Hann er lögreglumaður en hann starfar eingöngu að íþróttamálum. Ekki má heldur gleyma því að Eric er mikill áhugamaður um golfkeppnir og er mikill hvatamaður að m.a. áframhaldandi landskeppnum á milli Íslands og Frakklands. Þá var Eric mjög hjálpsamur við að skipuleggja ferð sem ég, Óskar, Hörður og Rúnar fórum til Frakklands fyrir tveimur árum. Er hér ástæða til að senda honum sérstakar þakk-lætiskveðjur fyrir hans þátt.

## Fyrirtaks Suðurnesjaveður í mótinu!

Fyrri keppnisdagur rann upp nokkuð hjartur og fagur og voru menn í góðum gír og tilbúnir í slaginn. Mót þetta sem var alfar-ið skipulagt og undirbúið af hálfu Frakkana, var þarna haldið í fyrsta skipti og voru lið frá 3 þjóðlöndum, Frakklandi, Íslandi og Svíþjóð. Frakkarnir höfðu einnig boðið Englendingum að taka þátt en þeir munu víst ekki hafa getað þegið boðið í þetta sinn. Frakkarnir ætla sér að bjóða til þessa móts eftir 2 ár og halda það þá í Suður-Frakklandi. Þeirra framtíðarsýn er sú að þá verði allar norðurlandþjóðirnar með ásamt fleiri Evrópulöndum og með tímanum geti þetta orðið vísir að alvöru Evrópumóti lögreglumanna.



## Íþróttasamband lögreglumanna



Er það von mín að sú ósk rætist og verði að veruleika. Fyrsti keppnisdagur gekk ágætlega þangað til að leikur var u.þ.b. hálfnaður en þá braust fram áður óþekkt tjáningarpörf hjá frönsku veðurguðunum og eftir það má segja að þeir hafi verið í aðalhlutverki. Á svipstundu hvessti svo svakalega að leitun er að öðru eins og hélt það það sem eftir var að fyrsta keppnisdegi. Til marks um rokið þá voru menn í tómu basli á grínunum, boltinn fauk til og frá og menn voru sveittir og móðir við að tína lauf og heilu greinarnar af grínunum. Rokið var svo svakalegt að jafnvel okkur Suðurnesjamönnum blöskraði og köllum við nú ekki allt ömmu okkar þegar kemur að roki! Þetta hafði auðvitað áhrif á skor manna þann daginn. Seinni keppnisdagur byrjaði snemma því að mótið var skipulagt sem 54 holu mót og voru spilaðar 18 holur fyrri daginn og 36 þann seinni. Frakkarnir höfðu skipulagt mótið þannig að það var spilað samhlíða þeirra landsmóti og fór þeirra landsmót fram seinni keppnisdaginn. Veðrið var betra seinni daginn, vind hafði lægt mikið og sérstaklega var veðrið gott þegar líða tók á daginn. Mönnum gekk í heild ágætlega í mótinu en greinilegt að nokkuð var af mönnum dregið undir lok seinni hrings á síðari keppnisdegi. Þrátt fyrir það voru menn að standa sig vel og átti t.d. Óskar Hall-

dórsson sinn besta hring á þriðja hring þegar hann lék á 75 höggum. Lokahóf var strax um köldið að lokinni keppni á fimmtudeginum og höfðu menn rétt rúmlega hálf tíma til að skjófast heim á hótél til að sturta sig og fara í betri fötin áður en hófið byrjaði.

Skemmst er að segja frá því að a-lið Íslands með þá Sigurbjörn, Sigurð og Annel varð í öðru sæti í mótinu á eftir a-liði Svíþjóðar. A-lið Frakkana varð svo í þriðja sæti á sama skori og lið Íslands en við lentum í öðru sæti eftir hlutkesti.

### Aftur eftir tvö ár

Daginn eftir var svo farið heim til Íslands og vorum við allir mjög ánægðir með vel heppnaða för og nú vonum við bara að draumur Frakkana um stærra og betra mót eftir tvö ári í Suður-Frakklandi verði að veruleika. Ég vil að endingu þakka liðsmönnum öllum fyrir skemmtilega för þar sem allir lögðust á eitt við að gera ferðina sem skemmtilegasta. Óhætt er að segja að liðsmenn allir hafi staðið sig og komið fram fyrir hönd íslensku lögreglunnar með mikilli þryði og sendi ég þeim öllum að lokum mínar bestu kveðjur.

*Friðrik K. Jónsson stjórnarmaður ÍSL*

## Úrtökumót fyrir golflandslið ÍSL

Daganna 01. og 05. júní sl. voru haldin úrtökumót fyrir landslið lögreglunnar í golfi sem senda átti á Opna franska meistarmótið í golfi sem haldið var í fyrsta skipti í Frakklandi daganna 23. og 24. júní. Ákveðið hafði verið í stjórn ÍSL að úrtökumótin yrðu aðeins tvö að þessu sinni og skildu þau bæði telja þar sem ekki gafst tími til að halda þrjú mót eins og venjan er.

Mótin voru auglýst með frekar litlum fyrirvara sem var óhjákvæmilegt sökum þess hve undirbúningstíminn var lítill. Þeir sem sáu um mótin voru þeir Friðrik K. Jónsson og Óskar Halldórsson frá lögreglunni á Keflavíkurflugvelli. Fyrsta mótið var haldið á Hvalveyrarholtsvelli hjá Golfklúbbnum Keili þann 01. júní og mættu ekki nema 9 keppendur. Gaman væri ef fleiri myndu mæta í þessu mót þó svo að þau séu úrtökumót fyrir landslið. Menn þurfa ekki að vera meistaraflokksmenn til að hafa gaman að því að hittast á góðum golfvelli og spila golf. Allir vita að baráttan um landsliðssæti er á milli þeirra bestu en hinu má

ekki gleyma að mótin eru samt vettvangur fyrir lögreglumenn til að hittast á golfvelli og njóta íþróttarinnar. Fínasta veður var á Hvaleyrinni þennan daginn og urðu úrslit sem hér segir:

Nöfn	Högg
Annel J. Þorkelsson	74
Sigurbjörn Þorgeirsson	75
Hörður Sigurðsson	75
Hilmar Björgvinsson	76
Óskar Halldórsson	77
Róbert Þór Guðmundsson	78
Friðrik K. Jónsson	86
Eyjólfur Kristjánsson	86
Jóhannes Harðarson	88

### Úrslit með og án forgjafar

Án forgjafar	Högg
1. sæti	
Annel J. Þorkelsson	74





# Íþróttasamband lögreglumanna



2. sæti	
Sigurbjörn Þorgeirsson . . . . .	75
3. sæti	
Hörður Sigurðsson . . . . .	75

<b>Með forgjöf</b>	<b>Högg</b>
1. sæti	
Jóhannes Harðarson . . . . .	66
2. sæti	
Óskar Halldórsson . . . . .	72
3. sæti	
Eyjólfur Kristjánsson . . . . .	72

## Ótrúleg spilamennska á Hellu

Seinna úrtökumótið var haldið á Hellu laugardaginn 05. júní og aftur vorum við mjög heppnir með veður. Betri mæting var í það mót en alls mættu 14 keppendur til Hellu. Óhætt er að segja að skor keppenda hafi verið með ólíkindum. Sigurvegarinn, Sigurbjörn Þorgeirsson var t.a.m. á 3 höggum undir pari og alls voru 4 fyrstu keppendurnir samtals á pari! Nánari úrslit úr mótinu urðu eftirfarandi:

<b>Nöfn</b>	<b>Högg</b>
Sigurbjörn Þorgeirsson . . . . .	67
Húnbogi Jóhannsson . . . . .	70
Óskar Halldórsson . . . . .	71
Hörður Sigurðsson . . . . .	72
Sigurður Pétursson . . . . .	73
Annel J. Þorkelsson . . . . .	75
Friðrik K. Jónsson . . . . .	75
Róbert Guðmundsson . . . . .	76
Hilmar Björgvinsson . . . . .	78
Ásgeir Eiríksson . . . . .	80
Gunnar Björnsson . . . . .	84
Trausti Jónsson . . . . .	87
Jóhannes Harðarson . . . . .	89
Guðmundur Baldursson . . . . .	92

<b>Án forgjafar</b>	<b>Högg</b>
1. sæti	
Sigurbjörn Þorgeirsson . . . . .	67
2. sæti	
Húnbogi Jóhannsson . . . . .	70

<b>3. sæti</b>	
Óskar Halldórsson . . . . .	71

<b>Með forgjöf</b>	<b>Högg</b>
1. sæti	
Hörður Sigurðsson . . . . .	65
2. sæti	
Guðmundur Baldursson . . . . .	66
3. sæti	
Friðrik K. Jónsson . . . . .	66

Mótshaldarar ákváðu einnig að veita 6 verðlaun fyrir flesta punkta og urðu úrslit úr þeirri keppni eftirfarandi:

1. sæti	
Sigurbjörn Þorgeirsson . . . . .	43 punktar
2. sæti	
Hörður Sigurðsson . . . . .	41 punktur
3. sæti	
Óskar Halldórsson . . . . .	41 punktur
4. sæti	
Guðmundur Baldursson . . . . .	41 punktur
5. sæti	
Friðrik K. Jónsson . . . . .	40 punktar
6. sæti	
Húnbogi Jóhannsson . . . . .	40 punktar

Eftir að þessi mót voru búin var ljóst hverjir skipuðu þau 5 sæti sem sjálfkrafa er spilað inn í til landsliðsins. Þá var einungis eftir fyrir stjórn ÍSL að velja 6. manninn eins og reglur gera ráð fyrir. Þeir 5 sem spiluðu sig sjálfkrafa inn í mótið voru þeir Sigurbjörn Þorgeirsson, Hörður Sigurðsson, Óskar Halldórsson, Annel J. Þorkelsson og Hilmar Björgvinsson. Stjórn ÍSL valdi síðan Sigurð Pétursson sem 6. mann. Mótin tókust ágætlega en eins og sagt var frá áðan væri gaman ef fleiri mættu í þessi mót þó svo að þeir telji sig ekki eiga neina möguleika á landsliðssæti. Nánar er fjallað um ferð golflandsliðsins til Frakklands annars staðar í blaðinu.

*Friðrik K. Jónsson*





## Landsmót Lögreglumanna í golfi

Í þetta skiptið var landsmót ÍSL í golfi haldið á Hólmsvelli í Leirunni 7. júlí 2004 og jafnhliða var golfmót IPA haldið. Sá íþróttanefnd Lögreglufélags Hafnarfjarðar (LH) um mótshaldið sem skipuð var þeim Guðlaugi Gíslasyni, Kristjáni Hilmarsyni, Margeiri Sveinssyni og Valgarði Valgarðssyni. Keppt var í fimm flokkum með og án forgjöf þ.e. A. flokkur (forgjöf 0-14,4), B. flokkur (14,5 – 28,4), C. flokkur (28,5 og hærra í forgjöf), öldungaflokkur (50 ára og eldri) og svo heldrimannaflokkur (65 ára og eldri). Einnig var sveitakeppni og voru þrír þátttakendur frá hverju embætti. Frá sumum embættum voru tvær sveitir.

Veður var með ágætum á keppnisdegi og voru 42 þátttakendur í ár sem þótti með lægra mótí. Verðlaun voru gefin fyrir þá sem fóru næstir holu á 3., 8., 13. og 16. flöt ásamt því sem fjöldi verðlauna var í boði en sú nýbreytni var viðhöfð nú að draga úr skorkortum í stað þess að útteila gjöfum eingöngu þeim er í verðlaunasæti voru.

### A. flokkur án forgjafar:

1 sæti, Húnbogi Jóhannsson,	Reykjavík	- 72 högg.
2 sæti, Hilmar Th. Björgvinsson,	Keflav.flugv.	- 79 högg.
3 sæti, Annel J. Þorkelsson,	Keflav.flugv.	- 80 högg.

### A. flokkur með forgjöf:

1 sæti, Trausti Freyr Jónsson,	Keflavík	- 70 (84) högg.
2 sæti, Gunnar Björnsson,	Keflavík	- 72 (86) högg.
3 sæti, Hjálmar Hallgrímsson,	Keflavík	- 73 (87) högg.

### B. flokkur án forgjafar:

1 sæti, Jóhannes S. Harðarson,	Keflav.flugv.	- 90 högg.
2 sæti, Valgarður Valgarðsson,	Hafnarfirði	- 94 högg.
3 sæti, Eiríkur B. Ragnarsson,	Reykjavík	- 97 högg.

### B. flokkur með forgjöf:

1 sæti, Kristján Hilmarsson,	Hafnarfirði	- 74 (101) högg.
2 sæti, Haukur Ásmundsson,	Reykjavík	- 75 (104) högg.
3 sæti, Guðmundur Baldurs.,	Keflavík	- 77 (99) högg.

### C. flokkur án forgjafar

1 sæti, Guðjón Rúnar Sveins.,	Hafnarfirði	- 101 högg.
2 sæti, Hinrik Konráðsson,	Stykkishólmi	- 107 högg.
3 sæti, Ellert Ingvason,	Hasfnarfirði	- 116 högg.

### C. flokkur með forgjöf:

1 sæti, Óskar Bjartmarz,	Reykjavík	- 89 (120) högg.
--------------------------	-----------	------------------



A-flokkur með forgjöf.



Sigursveit Suðurnesjamanna.



Hér eru siguvegarar í heldrimannaflokki.



# Íþróttasamband Lögreglumanna



Hér eru C flokkur án forgjafar.



Hér eru sigurvegarar í A flokki án forgjafar.



Hér eru sigurvegarar í öldungaflokkiflokki án forgjafar.



Hér eru sigurvegarar í öldungaflokkiflokki án forgjafar.

## Öldungaflokkur án forgjafar:

1 sæti, Arnar Guðmundsson,	Lögregluskól.	– 84 högg.
2 sæti, Guðlaugur Gíslason,	Hafnarfirði	– 85 högg.
3 sæti, Rúnar Sigurðsson,	Reykjavík	– 91 högg.

## Öldungaflokkur með forgjöf:

1 sæti, Hörður Jóhannesson,	Reykjavík	– 75 (98) högg.
2 sæti, Sigurður V. Benjams.,	Reykjavík	– 77 (97) högg.
3 sæti, Óskar Sigurðsson,	Reykjavík	– 77 (98) högg.

## Heldrimannaflokkur með forgjöf:

1 sæti, Helgi Daníelsson,	Eftirlaunaþ.	– 72 (85) högg.
2 sæti, Garðar Kristjánss.,	Eftirlaunaþ.	– 77 (94) högg.
3 sæti, Ragnar Vignir,	Eftirlaunaþ.	– 85 (111) högg.

Sveit Keflavíkurflugvallar varð í 1. sæti með 241 högg og var hún skipuð þeim Hilmari Th. Björgvinsyni, Annel J. Þorkelssyni og Friðrik Jónssyni. Sveit Reykjavíkur varð í 2. sæti með 248 högg og var skipuð þeim Herði Sigurðssyni, Húnboga Jóhannssyni og Rúnari Sigurðssyni. Í 3. sæti lenti sveit Keflavíkur með 258 högg sem skipuð var þeim Ásgeiri Eiríksyni, Hjálmari Hallgrímssyni og Gunnari Björnssyni.

Verðlaun voru gefin þeim sem voru næstir hollu. Hinrik Konráðsson lenti næstur á 3. flöt (3,52 m.), á 8. flöt var Hörður Sigurðsson næstur (3,17 m.) á 13. flöt var Guðjón Rúnar Sveinsson næstur (5,47 m.) og á 16. flöt var Jóhannes Harðarson næstur (1,36 m.).

Að verðlaunaafhendingu lokinni var dregið úr skorkortum þátttakenda og endaði það svo að sjö þátttakendur voru ekki dregnir úr kortum og má því segja að flestir hafi fengið eitthvað fyrir erfiðið og farið nokkuð sáttir heim að lokum. Samkvæmt reglum fær sami þátttakandi ekki verðlaun í stigaseti með og án forgjöf.

Að lokum vill íþróttanefnd LH þakka öllum þeim er voru í mótinu fyrir þátttökuna og hlakka til að mæta til leiks í Vestmannaeyjum að ári.

Kveðja,  
Margeir Sveinsson.



# Eyrún Eyþórsdóttir og Maríanna Said

## Íþróttaiðkun og heilsa lögreglumanna

**Í** lögregluskóla ríkisins er mikil áhersla lögð á heilbrigði líkamans. Undir stjórn íþróttakennara skólans eru nemendur hvattir áfram til þjálfunar og hafa nemendur iðulega tekið stórum framförum í hreysti. Langhlaup, spretthlaup, lyftingar og aðrar líkamsæfingar eru stór hluti námsins í skólanum.

Það sem kemur svo á óvart þegar námi lýkur við skólann og við tekur vinnu við löggæslustörf, er að lítið sem ekkert aðhald er haft á lögreglumönnum til að viðhalda því góða formi sem komið er upp í skólanum. Það er ekki endilega það að áhugi lögreglumanna á því að halda sér í góðu formi minnki eftir útskrift í lögregluskólanum, frekar mætti um kenna tíma- eða aðhaldskorti.

Almennt eru lögreglumenn meðvitaðir um þetta og mikil vakning er meðal sumra þeirra um að halda sér í góðu formi. Til dæmis hafa, í almenntu deild Lögreglunnar í Reykjavík, verið starfræktir skokkhópar og fólk hefur verið duglegt að hittast og hreyfa sig saman.

Útbúið hefur verið góð aðstaða í kjallara lögreglustöðvarinnar til að æfa sig og ágætis framboð hefur verið á skyri og prótíndrykkjum í sjálf-sala stöðvarinnar.

Það heyrir samt oft í umræðu lögreglumanna að nauðsynlegt væri að tengja betur þessa íþróttaiðkun starfinu. Til dæmis hefur oft borist til tals að það þyrfti að vera þrekpróf árlega sem lögreglumenn þyrftu að standast. Próf þar sem lögreglumenn þyrftu til dæmis að hlaupa ákveðna vegalengd, synda eða eitt-hvað þvíumlíkt. Prófið væri aðallega til þess hugsað að vera aðhald fyrir lögreglumenn frekar en hindrun og væri t.d. hægt að hafa það aldurstengt. Þess konar þrekprófshugmyndir hafa líka oftast en ekki verið árangurstengdar, það væri hægt að fá launaflokk fyrir að halda sér í góðu formi.

Annað sem rætt er iðulega er að fá að stunda líkamsæfingar á vinnu-

tíma, líkt og gert er hjá Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins. Það þyrfti að setja það í fastar skorður að útlutaður yrði tími til lögreglumanna þar sem þeir mættu stunda æfingar á vinnutíma.

Í Lögreglunni í Reykjavík væri þetta til dæmis hæglega hægt með nýrri íþróttastöðu í lögreglustöðinni sjálfri. Hægt væri að bregðast við útkalli strax þaðan ef svo bæri upp.

Þar sem margir lögreglumenn telja sig þurfa að vera í góðu formi líkamlega til að valda starfinu betur, væri e.t.v. ekki úr vegi að endurgreiðsla á líkamsræktarkortum væri meiri eða jafnvel að lögreglumenn þyrftu ekki að greiða fyrir kortin.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum vaktarvinnu á bæði líkama og sál. Hafa þær sýnt fram á tengsl ýmissa kvilla á borð við hjarta- og æðasjúkdóma. Rannsóknir hafa sýnt fram á allt að 40% hærrí tíðni hjartasjúkdóma hjá þeim sem hafa stundað vaktavinnu í 25 ár. Þekkt vandamál vaktavinnufólks er líka að þjást af streitu, kvíða, depurð og þunglyndi og eru það vissulega áhættuþættir sem geta leitt af sér önnur vandamál s.s. óhóflega áfengisdrykkju og/eða misnotkun á lyfjum.

Algennt er að meltingatruflanir hrjái vaktavinnufólk, m.a. brjóstsviði og magaverkir. Ein ástæða þessa er talin vera að líkaminn gerir ekki ráð fyrir því að borða sé á næturnar þegar framleiðsla meltingansíma er sem minnst og því gengur líkamanum erfiðlegar að melta matinn. Það gerir illt verra að innbyrða fituríkan mat á þeim tíma.

Margir sem vinna vaktavinnu kvarta sáran undan svefnleysi og að ná ekki nógu djúpum svefni sem getur haft slæm áhrif á einstaklinginn m.a. varðandi þá öryggisþætti sem tengjast vinnu lögreglumanna.

Þegar skoðaðar eru ástæður þess að vaktavinna fer oft á tíðum illa í fólk, hefur verið talað um truflun á

dægursveiflu og félagslegum tengslum, streita, reykingar, lélegt fæði og lítil hreyfing. Truflun á dægursveiflu er þegar við vökum á þeim tíma sólarhringsins sem líkaminn vill vera sofandi. Það sem stjórnar líkamsklukkunni að mestu leyti eru reglubundnar birtubreytingar sem hafa svo áhrif á melatónín, hormónsins sem á þátt í að stýra svefni og vöku. Inn í þetta kemur breytilegt hitastig líkamans sem hefur svo einnig áhrif á hversu árvökul við erum.

Á vef vinnueftirlitsins má finna umfjöllun um þetta efni. Þar segir meðal annars að vaktavinna verði léttbærari ef fólk er í góðri líkamlegri þjálfun og ráðgjöf um mataræði, hreyfingu og svefn geti komið að góðu haldi. Þetta þarf allt að spila inn í vinnuumhverfið svo fólk verði ekki fyrir tjóni á heilsu sinni vegna vaktavinnunnar.

Allir vita að með hreyfingu ná menn betri svefni, tileinka sér oft heilbrigðari lífstíl, borða hollari mat og fara betur með sjálfa sig. Það er einmitt það sem vaktavinnufólk getur gert til að neikvæð áhrif vaktavinnunnar bitni sem minnst á heilsu þeirra. Þess vegna ættu réttindi lögreglumanna til hreyfingar og aðgangur að hollu mataræði allan sólarhringinn að vera tryggður í kjarasamningum, auk þess sem embættin þyrftu að sjálfsögðu að gera allt sem í þeirra valdi er til að betrubæta starfsumhverfi lögreglumanna.

Flestir ef ekki allir lögreglumenn vinna vaktavinnu einhvern hluta starfsævinnar. Því mætti gera nauðsyn hreyfingar lögreglumanna hærra undir höfði í tilraun til þess að sporna við einhverjum af kvillum vaktavinnunnar.

*Höfundar eru lögreglumenn í Reykjavík.*

Heimildir fengnar af vef vinnueftirlitsins og [www.persona.is](http://www.persona.is).

# Dagpeningar og akstursgjald innanlands

Ferðakostnaðarnefnd hefur ákveðið dagpeninga til greiðslu gisti- og fæðiskostnaðar ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands á vegum ríkisins sem hér segir:

## Akstursgjald ríkisstarfsmanna:

### Almennt gjald

Fyrstu 10.000 km	Kr.	60,50	pr. km.
Frá 10.000 til 20.000 km	-	54,50	-
Umfram 20.000 km	-	48,50	-

### Sérstakt gjald

Fyrstu 10.000 km	-	69,57	-
Frá 10.000 til 20.000 km	-	62,67	-
Umfram 20.000 km	-	55,77	-

### Torfærugjald

Fyrstu 10.000 km	-	87,72	-
Frá 10.000 til 20.000 km	-	79,02	-
Umfram 20.000 km	-	70,32	-

## Dagpeningar erlendis:

### Almennir dagpeningar

	Gisting	Annað	Samtals
London, New York, Washington DC og Tokio	SDR 145	110	255
Annars staðar	SDR 110	100	210

### Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa.

London, New York, Washington DC og Tokio	SDR 93	70	163
Annars staðar	SDR 70	64	134

Ákvörðun þessi gildir frá og með 1. júní 2004.

Ákvörðun þessi gildir frá og með 1. júní 2004.

## Starfaflokkar

1. Afleysingamaður	A-1	5. Aðstoðarvarðstjóri/Sérsveitarmenn:	Við 10 ára starfsaldur	B-10
		Grunnröðun	Við 13 ára starfsaldur	B-11
2. Héraðslögreglumaður:		Við 5 ára starfsaldur		
Grunnröðun	A-4	Við 10 ára starfsaldur		
		Við 15 ára starfsaldur		
3. Lögreglunemi:		6. Rannsóknarlögreglumaður:		
Grunnröðun	A-4	Grunnröðun (rannsóknarlögreglum. 2)		
		Við 3 ára starfsaldur		
4. Lögreglumaður:		Við 5 ára starfsaldur		
Grunnröðun	A-8	Við 10 ára starfsaldur		
Við 5 ára starfsaldur	A-11	Við 13 ára starfsaldur		
Við 10 ára starfsaldur	A-14			
Við 15 ára starfsaldur	A-16	7. Varðstjóri:		
		Grunnröðun		
		Við 5 ára starfsaldur		
			8. og 9. Aðalvarðstjóri/lögreglufulltrúi:	
			Grunnröðun	B-10
			Við 5 ára starfsaldur	B-11
			Við 10 ára starfsaldur	B-12
			Við 13 ára starfsaldur	B-13
			10. Aðstoðaryfirlögregluþjónn:	
			Grunnröðun	C-15
			11. Yfirlögregluþjónn:	
			Grunnröðun	C-16

## Landssamband lögreglumanna

Launatafla r 609 Númer 3

Gildir frá 1.jan.04

Hlutfall yfirvinnu af mánaðarlaunum er 1,04%

Full desemberuppbót er 43.773

Full orlofsuppbót er 10.200

## Prepareikningur launaf. Bxx:

1. Þrep Yngri en 30 ára
2. Þrep frá 30 ára aldri (vm.þrep dagvinnu)
3. Þrep frá 35 ára aldri
4. Þrep frá 40 ára aldri
5. Þrep frá 45 ára aldri

## Prepareikningur launaf. Axx:

1. Þrep Yngri en 25 ára
2. Þrep frá 25 ára aldri
3. Þrep frá 30 ára aldri (vm.þrep dagvinnu)
4. Þrep frá 35 ára aldri
5. Þrep frá 40 ára aldri
6. Þrep frá 45 ára aldri

## Prepareikningur launaf. Cxx:

1. Þrep Yngri en 40 ára (vm.þrep dagvinnu)
2. Þrep frá 40 ára aldri
3. Þrep frá 45 ára aldri

## Mánaðarlaun

þrep

Launaflokkur

	Tímavinna						Vaktaálag 33,33%	Vakatálag 55%	Vakatálag 90%		
	Dagvinna	Dagvinna eftirlæga									
	1	2	3	4	5	6					
A01	117.133	120.673	124.320	126.185	128.078	129.999	764,57	799,49	254,83	420,51	688,11
A02	120.673	124.320	128.078	129.999	131.949	133.928	787,68	823,66	262,53	433,22	708,91
A03	124.320	128.078	131.949	133.928	135.937	137.976	811,49	848,55	270,47	446,32	730,34
A04	128.078	131.949	135.937	137.976	140.046	142.147	836,01	874,2	278,64	459,81	752,41
A05	131.949	135.937	140.046	142.147	144.279	146.443	861,28	900,62	287,06	473,7	775,15
A06	135.937	140.046	144.279	146.443	148.640	150.870	887,32	927,85	295,74	488,03	798,59
A07	140.046	144.279	148.640	150.870	153.133	155.430	914,14	955,89	304,68	502,78	822,73
A08	144.279	148.640	153.133	155.430	157.761	160.127	941,77	984,78	313,89	517,97	847,59
A09	148.640	153.133	157.761	160.127	162.529	164.967	970,23	1.014,55	323,38	533,63	873,21
A10	153.133	157.761	162.529	164.967	167.442	169.954	999,55	1.045,22	333,15	549,75	899,6
A11	157.761	162.529	167.442	169.954	172.503	175.091	1.029,77	1.076,81	343,22	566,37	926,79
A12	162.529	167.442	172.503	175.091	177.717	180.383	1.060,89	1.109,36	353,59	583,49	954,8
A13	167.442	172.503	177.717	180.383	183.089	185.835	1.092,96	1.142,89	364,28	601,13	983,66
A14	172.503	177.717	183.089	185.835	188.623	191.452	1.126,00	1.177,43	375,3	619,3	1.013,40
A15	177.717	183.089	188.623	191.452	194.324	197.239	1.160,03	1.213,02	386,64	638,02	1.044,03
A16	183.089	188.623	194.324	197.239	200.198	203.201	1.195,09	1.249,69	398,32	657,3	1.075,58
B01	150.870	153.133	155.430	157.761	160.127		941,77	984,78	313,89	517,97	847,59
B02	155.430	157.761	160.127	162.529	164.967		970,23	1.014,55	323,38	533,63	873,21
B03	160.127	162.529	164.967	167.442	169.954		999,55	1.045,22	333,15	549,75	899,6
B04	164.967	167.442	169.954	172.503	175.091		1.029,77	1.076,81	343,22	566,37	926,79
B05	169.954	172.503	175.091	177.717	180.383		1.060,89	1.109,36	353,59	583,49	954,8
B06	175.091	177.717	180.383	183.089	185.835		1.092,96	1.142,89	364,28	601,13	983,66
B07	180.383	183.089	185.835	188.623	191.452		1.126,00	1.177,43	375,3	619,3	1.013,40
B08	185.835	188.623	191.452	194.324	197.239		1.160,03	1.213,02	386,64	638,02	1.044,03
B09	191.452	194.324	197.239	200.198	203.201		1.195,09	1.249,69	398,32	657,3	1.075,58
B10	197.239	200.198	203.201	206.249	209.343		1.231,22	1.287,46	410,37	677,17	1.108,10
B11	203.201	206.249	209.343	212.483	215.670		1.268,43	1.326,37	422,77	697,64	1.141,59
B12	209.343	212.483	215.670	218.905	222.189		1.306,77	1.366,46	435,55	718,72	1.176,09
B13	215.670	218.905	222.189	225.522	228.905		1.346,27	1.407,77	448,71	740,45	1.211,64
B14	222.189	225.522	228.905	232.339	235.824		1.386,96	1.450,32	462,27	762,83	1.248,26
B15	228.905	232.339	235.824	239.361	242.951		1.428,88	1.494,15	476,25	785,88	1.285,99
B16	235.824	239.361	242.951	246.595	250.294		1.472,07	1.539,31	490,64	809,64	1.324,86
B17	242.951	246.595	250.294	254.048	257.859		1.516,56	1.585,83	505,47	834,11	1.364,90
B18	250.294	254.048	257.859	261.727	265.653		1.562,40	1.633,77	520,75	859,32	1.406,16
B19	257.859	261.727	265.653	269.638	273.683		1.609,62	1.683,15	536,49	885,29	1.448,66
C01	169.954	172.503	175.091				1.045,22	1.076,81	348,37	574,87	940,7
C02	177.717	180.383	183.089				1.092,96	1.126,00	364,28	601,13	983,66
C03	185.835	188.623	191.452				1.142,89	1.177,43	380,93	628,59	1.028,60
C04	194.324	197.239	200.198				1.195,09	1.231,22	398,32	657,3	1.075,58
C05	203.201	206.249	209.343				1.249,69	1.287,46	416,52	687,33	1.124,72
C06	212.483	215.670	218.905				1.306,77	1.346,27	435,55	718,72	1.176,09
C07	222.189	225.522	228.905				1.366,46	1.407,77	455,44	751,55	1.229,81
C08	232.339	235.824	239.361				1.428,88	1.472,07	476,25	785,88	1.285,99
C09	242.951	246.595	250.294				1.494,15	1.539,31	498	821,78	1.344,74
C10	254.048	257.859	261.727				1.562,40	1.609,62	520,75	859,32	1.406,16
C11	265.653	269.638	273.683				1.633,77	1.683,15	544,54	898,57	1.470,39
C12	277.788	281.955	286.184				1.708,40	1.760,03	569,41	939,62	1.537,56
C13	290.477	294.834	299.257				1.786,43	1.840,43	595,42	982,54	1.607,79
C14	303.746	308.302	312.927				1.868,04	1.924,50	622,62	1.027,42	1.681,24
C15	322.385	327.221	332.129				1.982,67	2.042,59	660,82	1.090,47	1.784,40
C16	342.168	347.301	352.511				2.104,33	2.167,94	701,37	1.157,38	1.893,90
C17	363.166	368.613	374.142				2.233,47	2.300,97	744,42	1.228,41	2.010,12

Umsamdar hækkunar:

1 janúar 2005 1,5%



# LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA ÞAKKAR EFTIRTÖLDUM FYRIRTÆKJUM STUÐNINGINN



## Pegar andlát ber að höndum

Útfararstofan annast meginhluta allra útfara á höfuðborgarsvæðinu. Þar starfa nú 15 manns við útfararþjónustu og kistuframleiðslu.

*Alúðleg þjónusta sem byggir á langri reynslu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf.**

Vesturlíð 2 – Fossvogi – Sími 551 1266 – [www.utfarastofa.com](http://www.utfarastofa.com)





© G. B. / EFLIÐ / SKÖP

# Svo í borg sé leggjandi!

Einkabílum hefur fjölgað gríðarlega á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár. Þessi fjölgun er örari en svo að aukning bílastæða, sérstaklega í miðborginni, dugi til. Aukinni þörf fyrir að leggja bílum á miðborgarsvæðinu verður að svara með tvennum hætti: Annars vegar með **stæðisvali ökumanns** í samræmi við erindi og tíma. Hins vegar með **fjölgun bílastæða** og **breyttri gjaldskrá** sem m.a. skapar fleiri vel staðsett skammtíma-stæði.

Bílastæðasjóður kynnir **breytingar á bílastæðum í miðborginni**. Markmiðið er að mæta þörfum vegfarenda til að stæðin og tíminn nýtist þeim betur.

- Skammtíma-stæðum á svæðinu hefur verið **fjölgað um 187**.
- **Gjaldsvæðin eru þrjú** (sjá mynd). Dýrara er að leggja við aðalgötur en ódýrara eftir því sem fær dregur.
- Mælur taka fleiri mynttegundir. Bæði miða- og stöðumælur taka nú **10, 50 og 100 kr. mynt**.

